



**BA-ritgerð  
í lögfræði**

**Er opinber smánun á vefmiðlum refsing án laga?**

Réttarríki í nútímasamfélagi

Kristrún Vala Kristinsdóttir og Telma Sif Reynisdóttir

Friðrik Árni Friðriksson Hirst

Apríl 2018



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð  
í lögfræði**

**Er opinber smánun á vefmiðlum refsing án laga?**

Réttarríki í nútímasamfélagi

Kristrún Vala Kristinsdóttir og Telma Sif Reynisdóttir

Friðrik Árni Friðriksson Hirst

Apríl 2018

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Hugtakið „réttarríki“.....	5
3	Neikvæður stimpill samfélagsins .....	6
4	Hverjar eru afleiðingar opinberrar smánunar? .....	8
5	Tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs.....	10
5.1	Mörkin milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs.....	10
5.2	Fjölmiðlar nú og þá .....	13
6	Lög um fjölmiðla nr. 38/2011 og fjölmiðlanefnd .....	15
6.1	Dómaframkvæmd.....	18
7	Siðareglur blaðamanna.....	18
7.1	Siðareglur blaðamanna hérlendis .....	20
7.2	Siðareglur blaðamanna á norðurlöndunum .....	21
8	Áhrif samfélags- og fjölmiðla .....	23
8.1	Snjóflóðið .....	24
9	Athugasemdakerfi .....	26
9.1	Hvar liggur ábyrgðin? .....	26
9.1.1	Meginreglan um ábyrgð á ummælum .....	27
9.1.2	Hver ber ábyrgð ef höfundur finnst ekki? .....	27
9.1.3	Úrræði.....	29
9.1.4	Dómaframkvæmd.....	30
10	Lögbundnar refsheimildir.....	31
11	Lokaorð .....	34
	HEIMILDASKRÁ .....	36

## 1 Inngangur

Hugtakið réttarríki er margslungið og mörgum hefur reynst erfitt að festa hendur á merkingu þess. Fjölmarginir fræðimenn hafa sett fram skilgreiningar á hugtakinu, bæði formlegar og efnislegar.<sup>1</sup> Samkvæmt inntaki réttarríkishugtaksins skal réttarríki uppfylla ákveðnar kröfur þ.á.m. að lög séu aðgengileg, framvirk og skýr. Þá eru það einnig meginreglur í íslenskum rétti að engum skuli refsað án þess að fyrir því sé stoð í lögum og maður er saklaus uns sekt er sönnuð.

Opinber smánun (e. public shaming/public humiliation) er samfélagsmein sem oft á sér stað á samfélagsmiðlum. Í þessari ritgerð verður fjallað um þá smánun<sup>2</sup> sem einstaklingar verða fyrir á opinberum vettvangi og þær afleiðingar sem slík smánun getur haft í för með sér.<sup>3</sup>

Fjallað verður um það hvar mörk fjölmiðla liggja og hversu skaðleg ónærgætin umfjöllun á samfélagsmiðlum getur verið. Árið 2011 var í fyrsta skiptið settur heildstæður lagabálkur um fjölmiðla með lögum nr. 38/2011. Ekki er í gildi sambærileg lagaumgjörð um samfélagsmiðla.

Í upphafi er nauðsynlegt að skýra nánar hvað felst í hugtakinu réttarríki en það er gert í öðrum kafla. Í þriðja kafla er fjallað um stimplun samfélagsins í sögulegu samhengi. Þá er gerð grein fyrir afleiðingum opinberrar smánunar í fjórða kafla. Í fimmta kafla eru mörkin milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs skoðuð. Sjötti og sjöundi kaflar fjalla um lög um fjölmiðla nr. 38/2011, fjölmiðlanefnd og siðareglur blaðamanna. Í áttunda kafla er farið í þau áhrif sem samfélagsmiðlar og fjölmiðlar geta haft auk þess sem gerð er grein fyrir svokölluðu snjóflóði á Internetinu. Níundi kafli fjallar um athugasemdakerfi og meginregluna um ábyrgð á ummælum. Þá fjallar tíundi kafli um lögbundnar refsheimildir. Að lokum verða niðurstöður dregnar saman í ellefta kafla.

---

<sup>1</sup> Geranne Lautenbach: „The Concept of the Rule of Law and the European Court of Human Rights“

<sup>2</sup> Í orðabók er sögnin að „smána“ skilgreind sem það að valda skömm, svívirða eða óvirða.

<sup>3</sup> Ritgerð þessi byggir á grein Hafsteins Þórs Haukssonar sem skrifuð var í kjölfar erindis sem hann hélt á Hátiðarmálþingi Orators, félags laganema við Háskóla Íslands. Yfirskrift málþingsins var „Réttarríkið í nútímasamfélagi“. Erindi Hafsteins Þórs vakti athygli okkar á efninu og í kjölfar hátiðarmálþingsins var tekin sú ákvörðun að skrifa B.A. ritgerð á þessu sviði. Því má segja að grein Hafsteins Þórs í afmælisriti Jóns Steinars Gunnlaugssonar sem kom út árið 2017 sé rauður þráður í þessari ritgerð.

## 2 Hugtakið „réttarríki“

Vandasamt hefur reynst að skýra efnislegt inntak hugtaksins „réttarríki“ en rökræður hafa almennt snúið að því hvað í því felst.<sup>4</sup> Margir fræðimenn hafa notað svokallað formlegt réttarríkishugtak. Í því felst að kröfur réttarríkisins snúi ekki að efnislegu inntaki laga heldur hinu formlega inntaki.<sup>5</sup>

Krafa réttarríkisins til formlegs inntaks tekur m.a. til þess að lög séu framvirk, skýr, aðgengileg og að sjálfstæði dómstóla sé tryggt. Samkvæmt formlega hugtakinu er t.d. ekki gerð krafa um að löggin séu siðferðilega rétt eða skynsamleg.<sup>6</sup> Í öllum formlegum skilgreiningum hugtaksins snýr réttarríkið að því að ríkisvaldið er bundið af lögum og þarf að fara eftir þeim. Er það til að vernda hagsmuni einstaklinga í samfélaginu. Lögætisreglan er hluti af kjarna réttarríkisins, í henni felst að ákvarðanir stjórnvalda verði að vera í samræmi við lög og mega ekki stangast á við lög. Lög verða að vera í samræmi og mega ekki stangast á við meginreglur laga og stjórnarskrá viðkomandi ríkis.<sup>7</sup>

Þá eru það meginreglur og þáttur í inntaki hugtaksins að dómsvaldið á að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu auk þess sem almenningur skal hafa greiðan aðgang að dómstólum. Þrískipting ríkisvaldsins er þannig grundvallaratriði í réttarríkishugtakinu, þar sem hún tryggir að dómstólar séu óvilhallir og sjálfstæðir, sem er óaðskiljanlegur hluti réttarríkisins.<sup>8</sup>

Það sem nú hefur verið greint frá er hluti af hinni formlegu skýringu réttarríkishugtaksins, en það verndar einstaklinga aðeins upp að vissu marki gegn geðþóttavaldi ríkisvaldsins. Sú vernd stuðlar að frelsi einstaklinga og vernd mannréttinda.<sup>9</sup>

Þrátt fyrir að þessir formlegu þættir hugtaksins séu nauðsynlegir þá nægja þeir ekki til þess að tryggja þá vernd sem á að felast í því að búa í réttarríki.<sup>10</sup> Margir fræðimenn telja eða hafa talið að styðjast eigi við efnislegt réttarríkishugtak þar sem réttarríkið gerir efnislegar kröfur til laga og til stjórnvalda, svo sem þær sem snúa að jafnrétti og lýðræði.<sup>11</sup> Efnisleg merking hugtaksins stuðlar frekar að mannréttindavernd heldur en hin formlega merking en reglur um mannréttindi setja lögum ákveðin efnisleg takmörk. Mannréttindi miða almennt að því að vernda einstaklinga frá geðþóttavaldi ríkisvaldsins. Mannréttindareglur stjórnarskrárinnar kveða

<sup>4</sup> Geranne Lautenbach: „The Concept of the Rule of Law and the European Court of Human Rights“

<sup>5</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 199

<sup>6</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 199

<sup>7</sup> Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 120.

<sup>8</sup> Geranne Lautenbach: „The Concept of the Rule of Law and the European Court of Human Rights“

<sup>9</sup> Geranne Lautenbach: „The Concept of the Rule of Law and the European Court of Human Rights“

<sup>10</sup> Geranne Lautenbach: „The Concept of the Rule of Law and the European Court of Human Rights“

<sup>11</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 200

á um ákveðin skilyrði fyrir því að grundvallarmannréttindi séu takmörkuð. Ef takmarka á mannréttindi skal það gert með lögum settum af löggjafarvaldinu.<sup>12</sup>

Þá hefur lýðræði verið talið hluti af réttarríkishugtakinu líkt og nefnt var hér að framan, lögmætispátturinn krefst þess að lög séu lýðræðisleg. Bæði lýðræði og réttarríkið miða að því að vernda jafnrétti og frelsi einstaklinga, þar af leiðandi eru þessi hugtök náskyld.<sup>13</sup>

Flestir fræðimenn eru þó sammála um eitt; það er að ríki geta ekki talist réttarríki nema þeim sé stjórnað samkvæmt lögum sem binda bæði valdhafa, sem og almenna borgara, og verndi þannig borgarana frá geðþótta valdhafa. Þar að auki verða almennir borgarar að geta hagað lífi sínu eftir lögum og reglum sem settar eru af löggjafar- og framkvæmdarvaldinu. Af því leiðir að lög verða að vera skýr, aðgengileg og framvirk, þannig að borgarinn geti séð fyrir afleiðingar gjörða sinna. Í þessu felst að almennum borgara verður ekki gerð refsing fyrir brot nema samkvæmt lögum og er skilyrði samkvæmt 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stjórnarskrá) að hann fái réttláta málsmeðferð. Til þess að ríki geti talist réttarríki í þessum skilningi þurfa valdhafar og borgarar að virða reglur sem ríkja í samfélaginu en í því felst að engum skuli refsað án dóms og laga.<sup>14</sup>

Með tilliti til þessa má skoða hvort samfélagsmiðlar og fjölmiðlar ógni því hvort þessi skilyrði réttarríkishugtaksins séu uppfyllt hér á landi.

### 3 Neikvæður stimpill samfélagsins

Áður fyrr var það samfélagslega viðurkennt að brennimerkja afbrotamenn. Með þessum ævarandi stimpli var ætlunin að vara umhverfið við viðkomandi og minnismarkja glæpahneigð. Í síðuðum þjóðfélögum hafa brennimerkingar verið lagðar af en þrátt fyrir það er það enn blákaldur raunveruleiki að fólk sé stimplað af samfélaginu með neikvæðu yfirbragði þótt ekki sé um að ræða bókstaflegt brennimark á líkama brotamannsins. Í samfélagi dagsins í dag verður að teljast auðvelt fyrir afbrotamenn að fá á sig stimpil og þá sérstaklega ef einstaklingur hefur afbrotaferil sinn ungur að aldri. Þá er viðkomandi oft stimplaður sem „vandræðaunglingur“ og þrátt fyrir að hafa tekið út sína refsingu og goldið samfélaginu skuld sína í formi refsingar eða annarra viðurlaga þá loðir stimpillinn við.<sup>15</sup>

<sup>12</sup> Geranne Lautenbach: „The Concept of the Rule of Law and the European Court of Human Rights“

<sup>13</sup> Geranne Lautenbach: „The Concept of the Rule of Law and the European Court of Human Rights“

<sup>14</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smáun í réttarríki“, bls. 200

<sup>15</sup> Svala Ísfeld Ólafsdóttir: „Fjölmiðlar og ungir afbrotamenn í ljósi stimplunarkenninga afbrotafræðinnar“, bls. 515

Rannsóknir hafa verið gerðar innan afbrotafræðinnar um áhrif stimplunar (e. labeling) á líf einstaklinga. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós mögulegar neikvæðar afleiðingar á viðmóti annarra í garð viðkomandi, sem og neikvæðar afleiðingar á sjálfsmynd hans. Afleiðingarnar birtast m.a. í félagslegri einangrun, skertri sjálfsvirðingu og færri atvinnutækifærum. Þessar neikvæðu afleiðingar eru mismiklar eftir því hver á í hlut og markast nánar af nærsamfélagi viðkomandi, s.s. stöðu hans, nánasta umhverfi og stétt.<sup>16</sup>

Þegar kemur að réttarsögunni og refsiréttinum er opinber smánun þekkt hugtak. Þessi tiltekna tegund refsingar snýst um að niðurlægja og smána hinn sakfellda opinberlega. Brennimerkingar, gapastokkur og skammargöngur eru líklegast þekktustu dæmin um slíkar refsingar. Refsingar voru framkvæmdar opinberlega um langt skeið á Vesturlöndum. Limlestingar og aftökur fóru fram á torgum þar sem allir gátu fylgst með. Þá voru menn látnir húka í gapastokk og voru sumir brennimerktir svo allir vissu örugglega að viðkomandi hefði framið glæp. Sumstaðar í Evrópu og í Bandaríkjunum var fólki velt upp úr tjöru og fjöðrum opinberlega en markmið þeirrar athafnar var að smána viðkomandi þar sem almenningur tók sér oft á tíðum valdið til þess að refsa einstaklingum með þessum hætti.<sup>17</sup>

Á miðöldum var refsilöggjöf brotakennd, lög voru ekki nálægt því að uppfylla skilyrði réttarríkisins, svo sem að vera skýr og framvirk. Fyrstu löggin sem sett voru á þessu sviði var refsilögbók Karls keisara V. frá 1532 (*Constitutio Criminalis Carolina*) en hún hafði að geyma efnislega refsireglur og réttarfarsreglur. Hún tók hins vegar aðeins til ákveðinna brotategunda auk þess sem dómurum var frjálst að dæma refsingar fyrir þá háttsemi sem bókin tók ekki til, þá var þeim einnig frjálst að beita löggjöfnun án takmarkana. Refsimörk voru ekki til staðar, í staðinn fór refsing eftir mati hvers dómara og landsvenju. Segja má að það hafi verið venja að dæma refsingu án heimildar í lögum, jafnvel gegn settum lögum en í raun var það einvörðungu mat dómara sem réði því hvort og hver refsing yrði. Á Íslandi var algengt að beita refsiviðurlögum sem ekki höfðu verið birt á Íslandi en reglur um refsiskilyrði voru lítið mótaðar hér á landi sem varð til þess að mikið var um geðþóttaákvarðanir auk þess sem dómarar voru ekki sjálfstæðir þar sem þjóðhöfðingjar höfðu mikið vægi um ákvörðun refsinga.<sup>18</sup>

Á 18. og 19. öld höfðu opinberar refsingar verið lagðar af að mestu. Ólík viðhorf til tilgangs refsinga fylgdu upplýsingunni, minni áhersla var lögð á hefndarsjónarmið og uppbyggileg áhrif refsinga fengu meira vægi. Færa má rök fyrir því að okkur hafi að einhverju leyti farið aftur þegar kemur að refsingum. Sú opinbera smánun sem notuð var sem refsíúrræði hér á árum áður

<sup>16</sup> Svala Ísfield Ólafsdóttir: „Fjölmíðlar og ungir afbrotamenn í ljósi stimplunarkenninga afbrotafræðinnar“, bls. 515

<sup>17</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 202-203

<sup>18</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 148

hefur að einhverju leyti færst yfir á samfélagsmiðla. Opinberri smánun sem refsíúrræði er enn beitt að einhverju marki. Til eru dæmi þess að sakfelldir einstaklingar í Bandaríkjunum hafi verið neyddir til þess að standa á opinberum stað með skilti sem á stóð hvert brot þeirra var. Fólk hefur verið látið birta opinberlegar afsökunarbeiðnir eða ganga í stuttermabol með áletrun um þann glæp sem framinn var.<sup>19</sup> Dæmi um þetta er dómur frá árinu 2004, þar sem 24 ára gamall maður hlaut þá refsingu að standa í átta klukkustundir með skilti fyrir framan pósthús með áletruninni: „Ég stal pósti. Þetta er refsingin mín.” (e. *I stole mail. This is my punishment.*)<sup>20</sup>

Opinber smánun líkt og sú sem hér er til umfjöllunar er ekki stunduð innan réttarkerfisins. Hún er ekki í samræmi við reglur um réttláta málsmeðferð né heldur er hún samkvæmt skýrum lögum. Smánunin á sér stað á samfélagsmiðlum þar sem fjöldi fólks, jafnvel þúsundir manna, veitist að viðkomandi á bak við skjáinn, skamma, hneykslast, hæðast að viðkomandi, hóta viðkomandi jafnvel grófu ofbeldi eða krefjast þess að viðkomandi verði sagt upp í því starfi sem hann gegnir með því að skora á vinnuveitendur hans. Hefur þessu verið líkt við snjóflóð sem einstaklingur verður fyrir á samfélagsmiðlum en nánar er vikið að því í kafla 8.1.<sup>21</sup>

Þá er opinber smánun ólík þeirri refsingu sem fjallað er um hér að ofan að því leyti að sá sem smánaður er þarf ekki að standa sjálfur að eigin niðurlægingu. Á samfélagsmiðlum er það almenningur sem smánar opinberlega en þegar um er að ræða smánun sem úrræði réttarríkis fullnustar ríkið refsingu í kjölfar dóms. Þá má einnig nefna að líklegra er að fjöldi einstaklinga sé meiri sem verða vitni af opinberri smánun sem á sér stað á samfélagsmiðlum auk þess sem hún getur átt sér stað í langan tíma. Opinber smánun samrýmist réttarríkishugmyndinni ekki jafn vel og hefðbundin réttarrúrræði þar sem almennum borgurum gefst færi á að taka þátt í refsingunni, án þess að ríkisvaldið hafi færi á að gæta þess að farið sé að settum reglum.<sup>22</sup>

#### 4 Hverjar eru afleiðingar opinberrar smánunar?

Afleiðingar ónærgætinnar umfjöllunar í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum geta verið alvarlegar. Fólk er smánað fyrir litlar eða jafnvel engar sakir, til dæmis fyrir að segja eitthvað sem er svo

---

<sup>19</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 203

<sup>20</sup> *United States v. Gementera*, 379 F.3d 596 (9th Cir. 2004)

<sup>21</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 204

<sup>22</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 204



slitið úr samhengi eða misskilið og verður fyrir því sem Hafsteinn Þór Hauksson hefur vísað í sem „snjóflóð á netinu“ líkt og fram hefur komið.<sup>23</sup>

Jon Ronson vísar í bók sinni til rannsóknar David Buss, prófessors í sálfræði við Texas-háskóla. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 91 prósent karla og 84 prósent kvenna í Bandaríkjunum hafa haft draumóra um að myrða einhvern.<sup>24</sup>

Þegar rannsóknin er skoðuð nánar kemur í ljós að ástæðan fyrir því að fólk vill drepa einhvern er yfirleitt ekki sú að viðkomandi hafi svikið þau í viðskiptum, hafi lamið þau, ráðist á þau, rispað bílinn þeirra eða eyðilagt eitthvað fyrir þeim. Heldur er þetta fólk sem hefur niðurlægt viðkomandi. Jafnvel bara þannig að þetta er krakkinn í menntaskólanum sem er í hádegishléinu og hann er niðurlægður fyrir framan samnemendur sína og þeir fara að hlæja að honum. Eitthvað smáræði sem gerist. Nemendurnir sem hlógu eru kannski búnir að gleyma þessu eftir tvo tíma en nemandinn sem var niðurlægður hann fer heim til sín og fantaserar um það hvernig hann á að drepa viðkomandi. Þetta er rosalega sterk tilfinning.<sup>25</sup>

Einkenni smánunar eru oft hlaðin gildisdómum um manneskjuna sem um ræðir. Þeir sem smánaðir eru upplifa oft að þeir séu gallaðir á einhvern hátt, njóti ekki jafn mikillar virðingar í augum annarra og félagsleg staða þeirra verður oft veikari. Viðkomandi upplifir niðurlægingu, en niðurlægingu er stundum lýst sem afleiðingu vanvirðingar eða lítillækkunar. Niðurlægingin er ekki endilega tengd sérstökum atburði, heldur snýr hún að einstaklingum sem persónu og er tengt hugmyndum um sjálfið og sjálfsmyndina. Það er sjálfsmyndin, sjálfið og æran sem eru í húfi þegar fólk upplifir að það sé smánað opinberlega. Fólk sem er niðurlægt opinberlega og brotið niður glímir oft við ýmsar andlegar afleiðingar.<sup>26</sup>

Sú óvissa um viðbrögð þeirra sem verða fyrir opinberri smánun hefur verið notað sem röksemdarfærsla gegn því að þessu úrræði sé beitt sem refsíúrræði í réttarkerfinu. Viðbrögð þeirra sem upplifa að þeir hafi verið niðurlægðir opinberlega er allt frá því að vilja hverfa af yfirborði jarðar og til þess að vilja gera öðrum mein. Sú djúpstæða vanmáttarkennd sem fólk í þessari stöðu getur upplifað getur leitt til þess að það langi að ná fram hefndum eða jafnvel taka eigið líf. Opinber smánun kann að beinast að ólíku fólki í ólíkum stöðum. Aðstaða fólks er misjöfn og er fólk misvel undir það búið að takast á við að fá neikvæða athygli.<sup>27</sup>

---

<sup>23</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 209-210

<sup>24</sup> Jon Ronson: *So you've been Publicly Shamed*, bls. 161. Vitnað er í rit David M. Buss: *The Murderer Next Door: Why the Mind Is Designed to Kill*. New York 2005.

<sup>25</sup> Hafsteinn Þór Hauksson, hátíðarmálþing Orators, 15. febrúar 2017

<sup>26</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 209-210

<sup>27</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 209-210

## 5 Tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs

### 5.1 Mörkin milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs

Þeirri öru tækniþróun sem Internetinu tengist hafa fylgt ýmis lögfræðileg og samfélagsleg álitaefni. Vettvangur tjáningar hefur tekið breytingum. Rótgrónir og eldri fjölmiðlar reka nú starfsemi sína að verulegum hluta á Internetinu auk þess sem ýmsa nýja fjölmiðla er eingöngu að finna á Internetinu. Þá hefur almenningur, líkt og áður hefur komið fram, nú áður óþekkta möguleika þegar kemur að tjáningu í athugasemdakerfum í gegnum samfélagsmiðla. Í opinberri umræðu hefur komið til að fólk virðist reiðubúið að ganga lengra þegar kemur að tjáningu á Internetinu heldur en annars staðar. Þá hefur þeirri spurningu gjarnan verið velt upp hvort tjáningarfrelsi sé ríkara á Internetinu en annars staðar. Svárið við þeirri spurningu er í meginatriðum neitandi.

Ljóst er að ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hegningarlög) og b-liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir skaðabótalög) fjalla um tjáningu á Internetinu sem annars staðar. Í málum þar sem reynir á beitingu fyrrgreindra ákvæða með hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrárinnar verður ekki ráðið að hið efnislega mat Hæstaréttar sé á annan veg en tíðkast hefur þegar um er að ræða tjáningu á Internetinu.<sup>28</sup> Nýlegir dómur sem fallið hafa í Hæstarétti sem lúta að tjáningu á Internetinu sem hefur verið takmörkuð eru t.d. *Hrd. 2. júní 2016 (705/2015)* þar sem E var sakfelldur fyrir ærumeiðandi aðdróttanir gegn opinberum starfsmanni, sbr. 235. gr. hegningarlaga, með því að hafa viðhaft og birt nánar tilgreind ummæli á Facebook síðu sinni um lögreglumann. Var refsing E ákveðin sekt að fjárhæð 100.000 kr. Þá má einnig nefna *Hrd. 17. desember 2015 (239/2015)*. Málið laut að ummælum sem birtust í grein ÁSÁ á bloggsvæði sem hann hafði til umráða á vefnum dv.is. Hæstiréttur ómerkti tvenn ummæli í greininni, sbr. 241. gr. hegningarlaga, og gerði ÁSÁ að greiða ÁS 200.000 kr. í miskabætur á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í *Hrd. 18. desember 2014 (215/2014)* voru ummæli sem S viðhafði á samskiptamiðlinum Facebook ómerkt á grundvelli 241. gr. hegningarlaga.

Í framangreindum dómum vísuðu þeir sem ummælin létu falla til tjáningarfrelsis síns samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar. Til eru dæmi um að slík vörn hafi skilað árangri, sbr. *Hrd. 22. október 2015 (101/2015)*. Þar var niðurstaða Hæstaréttar sú að A hefði ekki farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og því ekki rofið friðhelgi B samkvæmt 71. gr. hennar. Málsatvik voru þau að B höfðaði mál á hendur A vegna ætlaðra ærumeiðandi ummæla sem birt voru, annars vegar í bók A og hins vegar í ummælum hennar á

---

<sup>28</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 108

samfélagsmiðlum. Í inngangskafli bókarinnar sagði A frá kynferðisofbeldi sem hún kvaðst hafa orðið fyrir þegar hún var ung af hálfu manns auk þess sem hún sagði frá því að maðurinn hefði einnig misnotað aðrar stúlkur. Var maðurinn ekki nafngreindur en B fullyrti að ummælunum væri beint að sér og krafðist þess að þau yrði dæmd dauð og ómerk. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að við mat á því hvort umrædd ummæli hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis hennar og fælu þannig í sér brot á friðhelgi einkalífs B þyrfti að skoða hvernig ummælin væru orðuð. Hæstiréttur taldi það skipta máli að hvorki af einstökum ummælum né í því samhengi sem þau voru sett fram yrði ráðið að þau ættu við um B. Þar af leiðandi var ekki talið að A hefði farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns heldur hefði hún leitt nægar líkur að réttmæti þess að viðhafa þau ummæli sem B krafðist ómerkingar á. Var A því sýknuð af kröfum B. Í *Hrd. 31. mars 2015 (421/2014)* segir Hæstiréttur um mat á því hvort farið var út fyrir mörk tjáningarfrelsis með frétt um umsækjanda í starf hjá einu af stærstu stéttarfélögum á Íslandi:

Var talið að S yrði af þeim sökum að þola að einkamálefni hennar hefðu verið gerð að umtalsefni í fjölmiðli að því marki sem þau tengdust ráðningu í þetta starf. Hæstiréttur vísaði til þess að við úrlausn málsins yrði að virða fyrirsagnir, sem dómkröfur S snéru að, í samhengi við greinina og láta ekki við það sitja að horfa einangrað á þau ummæli, sem S teldi fela í sér meiðyrði í sinn garð. Taldi rétturinn að þau ummæli, sem fram komu í fyrirsögnunum tveimur á forsíðu blaðsins, gætu ekki talist móðgandi í garð S þegar virt væru í heild ummælin, samhengi þeirra við önnur ummæli á forsíðu blaðsins og ummæli á innsíðum þess og að það, sem sagt var, var rétt. Voru R og D ehf. því sýknaðir af kröfum S.

Í *Hrd. 20. nóvember 2014 (214/2014)* taldi Hæstiréttur að tjáning I hefði verið innan marka þess frelsis sem honum væri tryggt í 2. mgr. 73 gr. stjórnarskrárinnar. Málsatvik voru þau að E höfðaði mál á hendur I og krafðist þess að hann yrði dæmdur til refsingar fyrir ærumeiðandi aðdróttanir með því að hafa breytt ljósmynd af sér á nánar tilgreindan hátt og birt hana þannig breytta á myndskiptamiðlinum Instagram, svo og að nánar tilgreind ummæli sem I hafði viðhaft og birt ásamt myndinni yrðu dæmd dauð og ómerk. Vísaði Hæstiréttur til þess að E hefði komið fram í blaðaviðtali og viðhaft þar ögrandi, jafnvel niðrandi, ummæli um aðra. Með því hafi E hrundið af stað þjóðfélagsumræðu auk þess sem Hæstiréttur telur að honum hefði mátt vera ljóst að ummæli hans kynnu að kalla á hörð viðbrögð þeirra sem hefðu andúð á viðhorfum hans. Taldi Hæstiréttur að I nyti rýmkaðs frelsis til að tjá sig um E og skoðanir hans eins og á hefði staðið. Hefði verið um að ræða fúkyrði I gagnvart E í óvæginni þjóðfélagsumræðu, sem E hefði átt frumkvæði að, og þar með gildisdóm um E en ekki staðhæfingu um að hann hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi. Var meðal annars litið til þess að I hefði ekki haldið því fram að E hefði gerst brotlegur gegn einhverjum öðrum. Var I því ekki talinn hafa farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns skv. 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og sýknaður af öllum kröfum E.

Þegar metið er hvort ábyrgð skv. fyrrgreindum ákvæðum rúmist innan marka 73. gr. stjórnarskrárinnar virðist Hæstiréttur ekki gera greinarmun á tjáningu á Internetinu og tjáningu annars staðar, heldur beitir hann ákvæðunum með sama hætti í báðum tilvikum.<sup>29</sup> Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið fram að í meginatriðum (e. in principle) verði að tryggja og viðhalda ábyrgð vegna ólögðrar tjáningar á Internetinu, sbr. *MDE, Delfi AS gegn Eistlandi*, 16. júní 2015 (64569/09).<sup>30</sup>

Tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs vegast oft á. Á sviði fjölmiðlaréttar er það í reynd algengt í dómsmálum. Algengt er að stefnandi telji sig hafa sætt einkalífsskerðingu eða ærumeiðingu með tiltekinni umfjöllun eða ummælum. Þá vísar hann oft til friðhelgi einkalífs síns skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar og krefst þess að friðhelgisákvæðum almennra laga verði beitt. Þá er oft krafist ómerkingar eða refsingar skv. ákvæðum í XXV. kafla hegningarlaga og/eða miskabóta skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Stefndi vísar gjarnan til tjáningarfrelsis síns skv. 73. gr. stjórnarskrárinnar og þess að fyrrgreindum úrræðum verði ekki beitt nema skilyrði 3. mgr. 73. gr. séu uppfyllt. Af þessu leiðir að báðir aðilar vísa réttilega til stjórnarskrárvarinna réttinda sinna sem vegast á.<sup>31</sup> Dæmi um þetta má finna í *Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012)*:

Áfrýjandi telur að stefndi hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns og brotið gegn friðhelgi einkalífs áfrýjanda með því að blanda honum í frétt þá sem um ræðir. Stefndi reisir vörn sína á því að hann njóti ríks tjáningarfrelsis við slíka umfjöllun sem fréttamaður á fjölmiðli þegar fjallað er um mikilvæg þjóðfélagsmál. Við mat á því hvar draga skuli mörkin milli tjáningarfrelsis, sem nýtur verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár, og friðhelgi einkalífs, sem varin er af 71. gr. hennar, skiptir miklu hvort það efni sem birt er geti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu og eigi þannig erindi til almennings.

Hvort fyrrnefndum lagaákvæðum verði beitt ræðst fyrst og fremst af reglum stjórnskipunarréttar um mannréttindaákvæði og mörkin þeirra á milli, fremur en lagaákvæðunum sem slíkum og atriðum er þau snerta.<sup>32</sup>

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í sex skipti frá árinu 2012 komist að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi í dómum í meiðyrðamálum brotið gegn 10. gr. MSE. Mikilvægt er að íslenskir

<sup>29</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 109

<sup>30</sup> Í dómnum segir: „[W]hile the Court acknowledges that important benefits can be derived from the Internet in the exercise of freedom of expression, it is also mindful that liability for defamatory or other types of unlawful speech must, in principle, be retained and constitute an effective remedy for violations of personality rights.”

<sup>31</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 138

<sup>32</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 138

dómstólar aðlagi sig viðmiðum dómstólsins svo að slíkir dómar haldi ekki áfram að falla í Strassburg.<sup>33</sup>

## 5.2 Fjölmiðlar nú og þá

Vegna þess hlutverks sem fjölmiðlar gegna er mikilvægt að fjölmiðlar séu faglegir. Grundvallaratriði hvað það varðar er að þeir leitist við að segja sannleikann og séu hlutlausir í frásögn sinni. Auk þess er talið mikilvægt að þeir hafi leitað staðfestingar á því sem þeir setja fram og að þeir séu að flytja fréttir í þágu þjóðfélagssumræðunnar, þ.e. að efnið eigi erindi við almenning. Þá skulu þær upplýsingar sem fram koma vera réttar og sannar.<sup>34</sup>

Fjölmiðlar verða að gæta að friðhelgi einkalífs en njóta þó víðtæks tjáningarfrelsis. Þrátt fyrir að það komi ekki beint fram í 73. gr. stjórnarskrárinnar að hún verndi tjáningarfrelsi fjölmiðla, er það þó talið felast í ákvæðinu og hefur Hæstiréttur staðfest það<sup>35</sup>, sbr. *Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012)*. Um miðlun upplýsinga tengdum þjóðfélagssumræðunni kemur fram:

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Almennigur á rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni varða og þurfa sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir því að skerðing á frelsi fjölmiðla geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Það hrun sem varð í íslensku efnahagslífi við fall íslensku viðskiptabankanna þriggja haustið 2008 hefur haft mikil og almenn áhrif á alla starfsemi í landinu og kjör almennings. Opinber umræða og umfjöllun fjölmiðla hefur frá þeim tíma mjög snúist um að greina aðdraganda og orsakir þess hvernig för og hefur umfjöllun um fjárhagsleg málefni einstakra manna oft verið nærgöngul.

Segja má að tjáningarfrelsisákvæði í 73. gr. stjórnarskrárinnar sé grundvöllur fjölmiðlafrelsis hér á landi þrátt fyrir orðalag ákvæðsins en dómstólar hafa túlkað það sem svo að það veiti víðtæka vernd til tjáningar í ræðu, riti eða með öðrum hætti.<sup>36</sup>

Ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar verndar friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.<sup>37</sup> Þrátt fyrir að ekki komi berum orðum fram í ákvæðinu að það verndi æru manna hefur það margsinnis verið staðfest í íslenskri dómaframkvæmd að æra og mannorð séu þáttur í einkalífi manns.<sup>38</sup> Það þykir ljóst að svo er, þar sem árásir á æru teljast til röskunar á friðhelgi einkalífs vegna þess hversu nálægt þær ganga persónu manna.<sup>39</sup> Einnig segir í 26. gr. fjölmiðlalaga þar sem fjallað er um lýðræðislegar grundvallarreglur, að fjölmiðlaveita skuli virða „friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveita og upplýsingaréttur almennings krefjist annars“.

<sup>33</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 138-139

<sup>34</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 25

<sup>35</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 26-27

<sup>36</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 30

<sup>37</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*, bls. 284

<sup>38</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*, bls. 289

<sup>39</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 30

Af þessu og athugasemdum við ákvæðið í því frumvarpi er varð að lögnum, þar sem vísað er í 71. gr. stjórnarskrárinnar og hagsmunamats milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs, má leiða að tengsl eru á milli 26. gr. fjölmiðlalaga og 71. gr. stjórnarskrárinnar. Af *áliti fjölmiðlanefndar frá 5. mars 2014 (2/2014)* má m.a. sjá að beiting 26. gr. fjölmiðlalaga er svipuð og framkvæmdin ber með sér um 71. gr. stjórnarskrárinnar en í álitinu fór fram hagsmunamat milli friðhelgi einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis og frjálsrar þjóðfélagssumræðu hins vegar.<sup>40</sup> Nánar er vikið að áðurgreindu áliti fjölmiðlanefndar í 6. kafla.

Í íslenskum rétti hefur það lengi verið meginregla að málsmeðferð fyrir dómi sé opinber. Á reglan sér meðal annars stoð í réttarríkishugmyndinni, en samkvæmt henni er gerð krafa um gagnsæja meðferð valdpáttanna en dómssvaldið er hluti af því. Meginreglan byggir einnig á því markmiði að aðilar máls hafi færi á að fylgjast með málsmeðferð, þá sérstaklega til þess að þeir hafi færi á að koma á framfæri andsvörum. Þá byggir meginreglan á því markmiði að almenningi gefist kostur á því að vita hvað fer fram fyrir dómstólum og geti þannig fylgst með því hvort dómara starfi eftir lögum. Meginreglan um opinbera málsmeðferð er einnig til þess að veita dómendum aðhald í störfum sínum og auka þannig traust almennings á réttarkerfinu. Meginreglan kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir:

Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Þá kemur reglan einnig fram í réttarfarslöggjöf, nánar tiltekið í 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (hér eftir sakamálalög) og 1. mgr. 8. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (hér eftir einkamálalög). Þá hefur dómari heimild til þess að ákveða að mál verði flutt fyrir luktum dyrum, líkt og fram kemur í stjórnarskrárákvæðinu en þá heimild má einnig finna annars vegar í a-g liðum 1. mgr. 10. gr. sakamálalaga og hins vegar a-e liðum 1. mgr. 8. gr. einkamálalaga. Þá á meginreglan sér stoð í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu en þar segir að maður skuli eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar. Réttur almennings til aðgangs að réttarhöldum er í raun tvenns konar. Annars vegar réttur til að vera viðstaddur réttahöld. Hins vegar rétturinn til þess að vera viðstaddur til að greina opinberlega frá því sem fram fer við þinghald. Þessi réttur gerir fjölmiðlum kleift að greina almenningi frá meðferð mála fyrir dómi. Þessi réttur er þó takmörkunum háður. Þannig þarf til dæmis sérstakt leyfi dómara til þess að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi, sbr. 1. mgr. 11. gr. sakamálalaga og 1. mgr. 9. gr. einkamálalaga. Auk þess kann þessi réttur að vera takmarkaður af

---

<sup>40</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 126

einstaklingsbundnum réttindum annarra, svo sem æru eða mannorði.<sup>41</sup> Fjölmiðlar verða í þessu sambandi að gæta þess að fréttir samrýmist vönduðum blaðamannsháttum og siðareglum Blaðamannafélags Íslands og að ekki sé gengið of nærri friðhelgi einkalífs fólks samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar.<sup>42</sup>

Umfjöllun fjölmiðla snertir okkur flest. Fæstir eyða deginum án þess að verða varir við fjölmiðlaumfjöllun þá stundina, jafnvel þó að sú umfjöllun eigi ekki alltaf erindi við almenning. Gylfi Þór Þorsteinsson tjáði sig nýverið opinberlega á samfélagsmiðlinum Facebook. Færsla Gylfa fjallar um ný viðmið í umfjöllunum um morðmál. Móðir Gylfa var myrt fyrir um 20 árum síðan. Málið fór fyrst fyrir Héraðsdóm og svo fyrir Hæstarétt. Ástæða þess að Gylfi treysti sér ekki til þess að vera viðstaddur réttarhöld héraðsdóms er sú að þar voru gefnar greinagóðar lýsingar á verknaðinum. Þrátt fyrir að fjallað hafi verið um málið í fjölmiðlum var verknaðinum og áverkum fórnarlambins ekki lýst í smáatriðum.

Gylfi gerir ráð fyrir því að börnin hans fái tækifæri til þess að kynna sér málið á eigin forsendum. Ekki á forsendum lesturs, hlustunar, áhorfa eða smella. Færsla Gylfa var skrifuð í kjölfar umfjöllunar fjölmiðla um mál ungrar konu sem myrt var í Reykjavík í janúar 2017. Í umfjöllun fjölmiðla komu meðal annars fram grafískar lýsingar á áverkum konunnar og velti Gylfi því fyrir sér hvort það sé í þágu almennings að lýsingar sem þessar séu birtar í fjölmiðlum. Gylfi telur að aldrei fyrr hafi morðmál á Íslandi fengið eins grafíska lýsingu í fjölmiðlum og nú og vonar hann að fjölmiðlar átti sig á því að fréttagildið getur verið það sama þó þessum lýsingum sé sleppt.

Gylfi segist af fenginni reynslu vita að fjölskylda fórnarlambins muni ekki ná sér í bráð, allra síst á meðan þau þurfa að hlusta, horfa eða lesa um þessi síðustu andartök stúlkunnar sem þau elskuðu.<sup>43</sup>

## 6 Lög um fjölmiðla nr. 38/2011 og fjölmiðlanefnd

Lög um fjölmiðla voru samþykkt á Alþingi árið 2011 en var það í fyrsta skipti sem lögfestar voru heildarreglur um fjölmiðla hér á landi.<sup>44</sup> Með lögum þessum var verið að samræma ábyrgðarreglur fjölmiðla til þess að stuðla að því að blaðamenn gætu starfað sjálfstætt og til að

<sup>41</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 215-216

<sup>42</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 219

<sup>43</sup> Gylfi Þór Þorsteinsson. Facebook, 22. ágúst 2017, (skoðað 7. mars 2018)

<sup>44</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 30

minnka hættu á því að þeir yrðu dregnir til ábyrgðar fyrir tilvitnanir sem fengnar hafa verið frá heimildarmönnum.<sup>45</sup>

Í 1. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir fjölmiðlalög) má finna markmiðsákvæði þeirra en þar kemur fram að markmið þeirra sé „[...] að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.“

Fjölmeðg stjórnmönd hafa heimild til að koma fram ábyrgð vegna tjáningar. Sem dæmi má nefna Fjölmiðlanefnd.<sup>46</sup> Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem tók til starfa þann 1. september árið 2011 með setningu laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Um hana er fjallað í 7. gr. fjölmiðlalaga. Hún annast eftirlit samkvæmt þeim lögum og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Þá eru einnig ákvæði í sérlægum sem nefndin starfar samkvæmt.<sup>47</sup> Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. fjölmiðlalaga verður ákvörðunum fjölmiðlanefndar samkvæmt lögunum ekki skotið til annarra stjórnvalda. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. fjölmiðlalaga skal fjölmiðlanefnd stuðla að því að „markmiðum og tilgangi laga þessara verði náð. Skal nefndin vinna að því að efla fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum, standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga.“ Fjölmiðlanefnd hefur vald til þess að leggja stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á fjölmiðlalögum.<sup>48</sup> Upphaflega átti fjölmiðlanefnd að hafa vald til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á 26. gr. fjölmiðlalaga en hún mælir m.a. á um að fjölmiðlaveitur skuli virða friðhelgi einkalífs. Þetta fyrirkomulag var hins vegar fellt við meðferð frumvarpsins á Alþingi. Samkvæmt fjölmiðlalögum eins og þau eru í dag má fjölmiðlanefnd einungis birta álit um brot gegn 26. gr. fjölmiðlalaga en má ekki beita viðurlögum vegna þeirra.<sup>49</sup> Í álti fjölmiðlanefndar frá 5. mars. 2014 nr. 2/2014 komu upp umræður í útvarpsþætti um tvo unglingsdrenge sem einn viðmælenda taldi að hefðu stolið veski hans. Hann upplýsti meðal annars um nafn annars drengsins og í hvaða skóla hann gekk. Hann kallaði drenginn einnig ýmsum illum nöfnum og lýsti aðkomu lögreglu og barnaverndarnefndar að málinu. Í álti fjölmiðlanefndar kom fram að friðhelgi einkalífs drengsins hefði ekki verið virt og að umfjöllunin yrði ekki réttlætt, hvorki með vísan til lýðræðishlutverks fjölmiðlaveitunnar né heldur upplýsingarétti almennings, enda yrði ekki með nokkru móti séð að umfjöllunin hefði tengst almennri þjóðmálaumræðu.<sup>50</sup>

<sup>45</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 31

<sup>46</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 80

<sup>47</sup> „Fjölmiðlanefnd“, vefsíða Fjölmiðlanefndar, <http://fjolmidlanefnd.is>

<sup>48</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 80

<sup>49</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 82

<sup>50</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 157



Í V. kafla fjölmiðlalaga er fjallað um réttindi og skyldur fjölmiðlaveitna. Þar eru ákveðnar skyldur lagðar á fjölmiðla varðandi til dæmis hið ríka tjáningarfrelsi sem þeir njóta. Þar á meðal er skylda að starfa í samræmi við lýðræðislegar grundvallarreglur sbr. 26. gr. laganna og kynda ekki undir hatursáróður sbr. 27. gr. laganna. Eru þessar skyldur meðal annars taldar nauðsynlegar til að setja ríku tjáningarfrelsi fjölmiðla skorður. Þá eru ákveðin markmið í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar sem réttlæta þessar skorður en þar kemur fram að tjáningarfrelsi megi setja skorður m.a. til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Þrátt fyrir að sú grundvallarskylda fjölmiðla að miðla upplýsingum til almennings geti vegið þyngra en réttur einstaklings til að njóta leyndar um einkahagi sína þá er hún alls ekki takmarkalaus. Þegar þessir hagsmunir eru metnir þarf að líta til þess hvort að umfjöllun fjölmiðla eigi erindi til almennings og í þjóðfélagsumræðuna.<sup>51</sup> Sem dæmi um slíkt mat má nefna umfjöllun um færslu Gylfa Þórs Þorsteinssonar á Facebook í kafla 5.2 þar sem fjallað er um umfjöllun fjölmiðla þá og nú. Líkt og þar kemur fram fjallar Gylfi um það hvernig grafískar lýsingar á áverkum fórnarlamb morðs eigi ekki erindi til almennings.

Í íslenskum fjölmiðlarétti gildir sú meginregla að fjölmiðlar verða að byggja umfjöllun sína á vandaðri könnun staðreynda. Þrátt fyrir að þessi meginregla sé gömul og óskráð er að hluta til byggt á henni í 26. gr. fjölmiðlalaga en þar kemur fram hlutlægnisskylda fjölmiðlamanna. 26. gr. fjölmiðlalaga er matskennd, þ.e. ekki er við nákvæm eða skýr viðmið að styðjast. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu sem varð að fjölmiðlalögum segir að ákvæðinu sé ætlað að vera til fyllingar öðrum ákvæðum til verndar mannréttinda. Í ákvæðinu felast m.a. leiðbeiningarreglur fyrir fjölmiðlamenn. Krafa ákvæðisins um hlutlægni felur m.a. í sér að staðhæfingar fjölmiðla verða að vera réttar og að þeir skuli leitast við að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar og skoðanir komi fram. Af því leiðir, eins og að framan hefur verið greint, að þeir verða að leggja áherslu á að staðreyna staðhæfingar sínar. Þá vísar 26. gr. fjölmiðlalaga til friðhelgi einkalífs og leggur sú skírskotun þær skyldur á fjölmiðlamenn að sýna einstaklingum og frelsi þeirra virðingu.<sup>52</sup> Þá gera siðareglur Blaðamannafélags Íslands ráð fyrir því að blaðamenn vandi upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er, umfjöllun um það má finna í 7. kafla.

Í meginreglunni felst m.a. krafa um að fjölmiðlamenn verða að greina satt og óvilhallt frá atburðum, þeir verða að leggja áherslu á að segja frá öllum hliðum, vera hlutlausir í umfjöllun sinni og leitast við að leiða hið rétta í ljós. Þessar kröfur fela það í sér að blaðamenn verða að

<sup>51</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 89-90

<sup>52</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 154-155

gæta samhengis og sanngirni í umfjöllun sinni, vera nákvæmir og mega engu sleppa sem gæti haft áhrif á upplýsingagildi. Þó er erfitt að tryggja það að fjölmiðlamenn séu alltaf með öllu hlutlausir, þar sem óhjákvæmilegt er að atriði eins og m.a. þjóðerni, kyn, menntun, reynsla og aldur móti að einhverju leyti sýn viðkomandi. Ofangreindar kröfur eiga að tryggja það, að ef fjölmiðlamaður viðhefur þau faglegu vinnubrögð sem talað er um hér að framan er leitast við að takmarka áhrif slíkra atriða á umfjöllun hans.<sup>53</sup>

## 6.1 Dómaframkvæmd

Á þetta hefur að einhverju leyti reynt í dómaframkvæmd. Í *Hrd. frá 7. nóvember 2013 (200/2013)* sagði Hæstiréttur að þrátt fyrir að fjölmiðlar hefðu ákveðið svigrúm til þess að fjalla um stjórnsmál og önnur þjóðfélagsleg málefni yrði að gera þá kröfu til þeirra sem í fjölmiðlum starfa að þeir kanni, eftir því sem kostur er, hvort frásögn af athöfnum manna eða athafnaleysi, sem kann að vega að æru þeirra, eigi við rök að styðjast áður en slík frásögn er birt. Þá var í *Hrd. frá 28. maí 2009 í máli (575/2008)* vísað til þess að fjölmiðlar þyrftu að gæta við umfjöllun sína að skyldum sínum samkvæmt lögum og að því að brjóta ekki gegn stjórnarskrárvernduðum rétti einstaklinga til friðhelgi um einkalíf sitt. Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu lagt áherslu á að vegna víðtæks tjáningarfrelsis fjölmiðla hvíli jafnframt á þeim skylda til að vanda til verka og framkvæma fullnægjandi könnun á staðhæfingum sem fjallað er um. Í *MDE Europapress Holding D.O.O. gegn Króatíu, 2. október 2009 í máli nr. 25333/06* taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi útgefanda tímarits með því að dæma hann fyrir ærumeiðandi ummæli en dómstóllinn benti á að aðstandendur tímaritsins hefðu hvorki reynt að hafa samband við vitni að þeim atburði sem fjallað var um né heldur þann aðila sem um var fjallað. Taldi dómstóllinn að blaðinu hefði verið rétt að framkvæma sjálfstæða rannsókn á staðhæfingum blaðamannsins í því skyni að ganga úr skugga um sannleiksgildi fullyrðinganna.<sup>54</sup>

## 7 Siðareglur blaðamanna

Leiða má líkur að því siðareglur blaðamanna gildi víða í heiminum en um er að ræða verndaða stétt sem gegnir ákveðnu hlutverki í samfélaginu.

Þegar horft er til dómaframkvæmdar, hvort sem er hér á landi eða í öðrum ríkjum, er ekki vafi á því að fjölmiðlar njóta sérstaklega víðtæks tjáningarfrelsis. Mannréttindadómstóll Evrópu

<sup>53</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 151

<sup>54</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 151-153

hefur meðal annars lagt mikla áherslu á vernd fjölmiðla og að mikið þurfi til skerðingar á tjáningarfrelsi þeirra. Fjölmiðlar eru einn helsti farvegur nauðsynlegrar umræðu í lýðræðisþjóðfélagi.<sup>55</sup> Hæstiréttur hefur í dómaframkvæmd gert grein fyrir hlutverki fjölmiðlaveita. Í *Hrd. 31. mars 2015 (421/2014)* sagði Hæstiréttur í forsendum sínum:

Fjölmiðlaveitur gegna mikilvægu lýðræðishlutverki, njóta ríks tjáningarfrelsis og þjóna upplýsingarétti almennings, en jafnframt skulu þær gæta hófs og ábyrgðar þegar önnur mannréttindi, ekki síst jafnrétti og friðhelgi einkalífs, eru í húfi. Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. fjölmiðlalaga, skal fjölmiðlaveita virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs, nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.

Þrátt fyrir að ekki komi fram í 73. gr. stjórnarskrárinnar að fjölmiðlar njóti víðtæks tjáningarfrelsis þá þykir það ljóst engu að síður.<sup>56</sup> Hlutverk þeirra er að tryggja að einstaklingar í samfélaginu séu meðvitaðir um það sem er í deiglu hverju sinni, þ.e. þeim ber að miðla upplýsingum og skoðunum sem eiga erindi í þjóðfélagsumræðu. Þannig hvílir í raun á þeim skylda til þess að upplýsa og fræða almenning um þjóðfélagsleg málefni.<sup>57</sup> Í *Hrd. 2. maí 2014 (255/2014)* segir Hæstiréttur í forsendum sínum að það sé veigamikill þáttur í tjáningarfrelsi fjölmiðla að „geta tekið við og miðlað upplýsingum sem almenning varðar án íhlutunar stjórnvalda og annarra valdamikilla aðila í samfélaginu.“ Þá sagði í forsendum Hæstaréttar í *Hrd. 28. maí 2009 (575/2008)*:

Viðurkennt er að hlutverk fjölmiðla sé m.a. að veita stjórnvöldum aðhald og fjalla um mál ef grunur leikur á að misfarið sé með vald í þjóðfélaginu. Er enda óumdeilt að fjölmiðlar hafi verulegt svigrúm til umfjöllunar um menn og málefni líðandi stundar. Hæstiréttur hefur í dómum sínum staðfest (m.a. í dómum Hæstaréttar í málum nr. 278/2006 og nr. 541/2005), að málefni sem talin eru varða almenning og geta talist þáttur í almennri þjóðfélagsumræðu, eigi rétt á fréttaumfjöllun í fjölmiðlum.

Þessi dómur gerir grein fyrir því hlutverki sem dómstólar gegna í nútímasamfélagi, sem er að veita stjórnvöldum aðhald með því að halda þjóðfélagsþegnum upplýstum um það sem á erindi í þjóðfélagsumræðu.

Stétt fjölmiðla hefur sett sér siðareglur til þess að tryggja réttindi einstaklinga gegn umfjöllun fjölmiðla og blaðamanna og til þess að tryggja að fjölmiðlar sinni lýðræðislegu hlutverki sínu. Siðareglur blaðamanna á Íslandi eru settar á vegum Blaðamannafélags Íslands og eru reglur sem meðlimir félagsins samþykkja að fara eftir í skrifum og háttarni sínu. Á vef félagsins kemur fram að blaðamenn allra fjölmiðla hafi jafnan í huga grundvallarreglur

<sup>55</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 87

<sup>56</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 88

<sup>57</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 87

mannlegra samskipta og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni.<sup>58</sup> Hér á landi eru siðareglur blaðamanna ætlaðar til þess að hver sá sem á hagsmuna að gæta og telur að blaðamaður hafi brotið þess konar siðareglu geti kært ætlað brot til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands líkt og sjá má í umfjöllun í kafla 7.1.

Hér á eftir verður leitast við að bera saman siðareglur blaðamanna hérlendis og á norðurlöndunum.

### 7.1 Siðareglur blaðamanna hérlendis

Í 1. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands segir: „Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. [...]“. Þá segir í 3. gr. siðareglanna: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

Ljóst er að siðareglur blaðamanna hérlendis eru opnar og almennar. Þrátt fyrir að siðareglurnar teljist ekki vera lagareglur er samt sem áður litið svo á að fjölmiðlafólki beri að fylgja þeim. Þess finnast jafnvel dæmi að dómstólar hafi vísað til siðareglanna í forsendum sínum og þannig viðurkennt gildi þeirra þrátt fyrir að þeir séu ekki bundnir af þeim. Í máli *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 nr. 54125/10* segir meðal annars að verndun réttar blaðamanna til að miðla upplýsingum um málefni sem eiga erindi við almenning krefjist þess að þeir starfi í góðri trú og á grundvelli staðreynda og veiti „áreiðanlegar og nákvæmar“ upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna. Þá svipar reglunum að einhverju leyti til 26. gr. fjölmiðlalaga og meginreglna sem almennt gilda um starfsemi fjölmiðla á Íslandi.<sup>59</sup>

Hér á landi er siðanefnd Blaðamannafélags Íslands en hún starfar á grundvelli 6. gr. siðareglanna. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að sá sem telur blaðamann hafa brotið siðareglurnar og hefur hagsmuna að gæta geti kært ætlað brot til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands innan tveggja mánaða frá birtingu, enda sé málið ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Það er þó skilyrði að hann hafi leitað leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Í 6. gr. siðareglanna segir að siðanefnd Blaðamannafélags Íslands geti lýst brot gegn reglunum ámælisverð, alvarleg eða mjög alvarleg. Hins vegar eru engin viðurlög við síkum brotum,

<sup>58</sup> „Siðareglur Blaðamannafélags Íslands“, vefsíða Blaðamannafélags Íslands, <https://www.press.is>

<sup>59</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 206

heldur skal senda úrskurð nefndarinnar á viðkomandi fjölmiðil sem ósk um birtingu en aðeins í þeim tilfellum sem um er að ræða alvarlegt eða mjög alvarlegt brot. Þá eru úrskurðir þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að blaðamaður hafi brotið gegn siðareglum birtar á vefsíðu Blaðamannafélags Íslands. Sé um að ræða mjög alvarlegt brot getur stjórn félagsins borið það undir félagsfund að ákveðnar verði vítur á viðkomandi blaðamann, sbr. 6. gr. reglnanna.<sup>60</sup> Úrskurðum Siðanefndarinnar verður ekki áfrýjað, sbr. 5. mgr. 6. gr. siðareglanna.

Nefndin hafði á árinu 2016 tekið um það bil 230 mál til meðferðar frá upphafi. Síðan þá hefur nefndin kveðið upp fimm úrskurði. Langflest málanna sem nefndin tekur til meðferðar varða einungis brot á 3. gr. siðareglanna, eða tæplega 80% tilvika. Hún kom hins vegar við sögu í um 97% mála þar sem fjölmiðill hefur verið úrskurðaður brotlegur.<sup>61</sup> Fyrr í þessum kafla er greint frá 3. gr. og um hvað hún snýst og vísast til þeirra umfjöllunar hér.

Í *úrskurði Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands 18. júní 1993 (20/1993)* hafði tímarit birt viðtal við einstakling sem m.a. lýsti kynferðislegu ofbeldi sem hann kvaðst hafa orðið fyrir af hálfu föður síns. Bróðir viðkomandi lagði fram kvörtun

## 7.2 Siðareglur blaðamanna á norðurlöndunum

Þær siðareglur sem gilda í Noregi og Danmörku svipa mjög til þeirra sem gilda hér á landi. Þó eru gildandi reglur þar töluvert ítarlegri heldur en þær sem eru í gildi hér á landi. Á Íslandi eru siðareglur blaðmanna aðeins sex greinar og töluvert opnar.

Siðareglur blaðamanna í Danmörku eru í þremur köflum. Kafli A sem fjallar um réttar upplýsingar, kafli B sem fjallar um að blaðamenn eigi að hegða sér í samræmi við almennar venjur og kafli C sem fjallar um dómsmál. Í 1. gr. kafla A segir að það sé skylda blaðamanna að miðla réttum upplýsingum og að þær upplýsingar séu uppfærðar reglulega. Þá er það einnig skylda að upplýsingar séu staðreyndar, þ.e. að tryggt sé að þær séu ekki rangar. Í 3. gr. kafla B segir að fórnarlömbum sakamála eða slysa sé sýnd eins mikil virðing og mögulegt er, og að sama regla gildi um vitni og aðstandenda fórnarlamba. Eins að farið skuli með myndefni tengdu viðkomandi máli, söfnun þess og fjölföldun af mikilli nærgætni. Í kafla C eru átta greinar sem miða að því að tryggja að fjallað sé um dómsmál hvort heldur sem þau eru enn í gangi eða afstaðin, af nærgætni og tillitssemi. Sem dæmi segir í 5. gr. reglnanna að svo lengi sem ekki hefur verið dæmt í sakamáli eða það fellt niður, má ekki gefa upp neinar upplýsingar sem gætu komið í veg fyrir úrlausn málsins. Þá segir einnig að óheimilt sé að fjalla um einhvern sem er grunaður eða sakborning líkt og hann sé sekur. Í síðasta lagi segir að þegar fjallað er um

<sup>60</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 38

<sup>61</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 207-208

sakamál, skuli skýrlega koma fram hvort aðili sem grunaður er eða sakborningur hafi játað verknaðinn. Þá segir í 6. gr. kafla C í siðareglunum að mikillar varkárni sé gætt um hvaða mál er fjallað, og þá hvort að nöfn aðila skuli koma fram. Nafn eða önnur auðkenni grunaðs manns eða sakbornings skulu undanskilin ef þær upplýsingar eiga ekki erindi í þjóðfélagsumræðuna. Engar sambærilegar reglur er að finna í siðareglum Blaðamannafélags Íslands líkt og þær sem nefndar eru hér úr kafla C. Höfundar telja siðareglum blaðamanna á Íslandi ábótavant að þessu leyti.

Siðareglur blaðamanna í Noregi eru í fjórum köflum. Í 1. kafla er fjallað um hlutverkið sem fjölmiðlar spila í samfélaginu. Í 2. kafla er fjallað um heiðarleika og ábyrgð. Í 3. kafla er fjallað um framkvæmd blaðamennsku og tengsl við heimildamenn. Í fjórða og síðasta kaflanum er fjallað um útgáforeglur. Í 1.1. grein er lögð áhersla á tjáningarfrelsið, réttinn til upplýsinga og frelsi fjölmiðla og að fjölmiðlar gegni veigamiklu hlutverki í lýðræðislegu þjóðfélagi. Í 1.5. grein segir að það sé verkefni fjölmiðla að vernda einstaklinga og hópa gegn óréttlæti og vanrækslu yfirvalda og annarra. Í 2.1. grein segir að ritstjóri beri fulla persónulega ábyrgð á því sem fram kemur í því sem gefið er út, óháð því á hvaða formi. Í 2. kafla er svo lögð áhersla á sjálfstæði og hlutleysi blaðamanna og að þeir skuli ekki taka við mútum. Í 3.2. grein er lögð áhersla á það að upplýsingar séu réttar og blaðamenn velji heimildir sínar vandlega. Í 3. kafla er lögð áhersla á verndun heimildamanna og að rétt sé haft eftir þeim. Þá er bann lagt við því að greiða heimildarmönnum fyrir að láta upplýsingar af hendi. Í 4.5. grein segir að blaðamenn skuli forðast ályktanir um sekt í sakamálum og einkamálum, þeir skuli gera það ljóst ef ekki hefur verið dæmt um sekt eða sakleysi viðkomandi. Þá segir að það sé hluti af góðri framkvæmd blaðamanna að tilkynna um niðurstöðu í dómsmáli sem áður hefur verið fjallað um á fjölmiðlinum. Í 4.6. grein segir að hafa skuli í huga áhrif umfjöllunar um slys og sakamál á fórnarlömb og aðstandendur þeirra. Ekki skal nafngreina fórnarlömb eða fólk sem saknað er nema aðstandendur hafi fengið tilkynningu þess efnis. Blaðamenn eru hvattir til þess að sýna tillitssemi gagnvart fólki sem syrgir eða er jafnvel enn að takast á við áfall. Í grein 4.7. segir að fara skuli varlega í það að nafngreina eða birta myndir af aðilum í tengslum við umdeild mál eða sakamál. Þá skal gæta sérstaklega mikillar nærgætni þegar fjallað er um mál sem eru á fyrstu stigum rannsóknar, sem snúa að ungum afbrotamönnum og málum þar sem tilgreining mögulegra sakborninga gæti valdið þriðja aðila óþægindum. Þá segir að þegar aðilar eru nafngreindir eða tilgreindir á einhvern annan hátt sé það þegar raunveruleg þörf er á þeim upplýsingum, til dæmis ef viðkomandi er hættulegur eða ef staða viðkomandi er nauðsynleg fyrir umfjöllun málsins, eða þá ef tilgreiningin verndar einhvern sem er saklaus frá því að liggja undir grun.

Líkt og sjá má gilda í raun sömu grunngildi hér á landi og í Danmörku og Noregi. Hins vegar eru þessi gildi ekki skráð í siðareglur hér á landi, líkt og til dæmis að varlega skuli koma að nafn- og myndbirtingum og að undanskilja skuli upplýsingar ef þær eiga ekki erindi í þjóðfélagsumræðuna. Að mati höfunda er í raun brýnt að setja nákvæmari siðareglur blaðamanna á Íslandi þar sem þær sem nú eru í gildi vernda ekki nægilega friðhelgi einkalífs einstaklingsins gegn því ríka tjáningarfrelsi sem blaðamenn njóta.

## 8 Áhrif samfélags- og fjölmiðla

Samfélagsmiðlar og fjölmiðlar spila stórt hlutverk í nútímasamfélagi. Þeir hafa mikil áhrif á skoðanir almennings og eru óumflýjanlegur hluti daglegs lífs einstaklinga.

Fjölmiðlar hafa mikil áhrif á þjóðfélagsumræðuna og gegna lykilhlutverki í því að tryggja að almenningur búi í upplýstu samfélagi.<sup>62</sup> Hefur þetta verið staðfest af Hæstarétti, m.a. í *Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012)*<sup>63</sup>, þar sem Hæstiréttur tók fram í forsendum sínum: „Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni.“ Að þessum dómi er nánar vikið í köflum 4.2 og 4.3. Þegar rætt er um fjölmiðla í þessari ritgerð er átt við dagblöð, fréttavefi, útvarp og sjónvarp.

Samfélagsmiðlar skipa stóran sess í lífi flestra einstaklinga. Fólk notar þá til að miðla upplýsingum og til að hafa samskipti við aðra. Fólk á í samskiptum við fjölskyldu, vini, vinnufélaga, skólafélaga o.s.frv. auk þess sem þeir eru grundvöllur margra til þess að tjá skoðanir sínar og tilfinningar. Þá eru þessir miðlar nýttir af flestum félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum til þess að auglýsa en á slíkum vettvangi er auðvelt að ná til margra einstaklinga. Einn af stærstu samfélagsmiðlum okkar tíma er Facebook en aðrir samfélagsmiðlar sem njóta einnig mikilla vinsælda eru t.d. Twitter og Snapchat.

Áður fyrr voru fjölmiðlar nær eingöngu blöð sem ritskoðuð voru áður en þau fóru í prentun. Í dag eru flestir, ef ekki allir, fjölmiðlar með aðgang á samfélagsmiðlum. Fjölmiðlar birta fréttir allan sólahringinn sem birtast einnig á samfélagsmiðlum þar sem fólk verður vart við

<sup>62</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 23

<sup>63</sup> „Í þessu máli höfðaði J mál á hendur S og krafðist ómerkingar tiltekinna ummæla sem féllu í upphafi aðalfréttatíma RÚV, voru þau hluti ummæla í frétt sem S flutti. Taldi J að S hefði farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns með því að blanda honum í frétt um fyrirtækið F sem var í eigu P og aðkomu J að lánveitingu F til fyrirtækis í Panama ásamt þeim P og H. Taldi Hæstiréttur að þegar efni fréttarinnar var metið í heild og ummæli þau sem krafist væri ómerkingar á væru virt í sambengi við önnur ummæli í fréttinni og að teknu tilliti til myndrænnar framsetningar, yrðu þau ekki skilin á annan veg en að með þeim væri verið að bera J á brýn háttsemi sem væri refsiverð og félli undir ákvæði almennra hegningarlaga. Taldi Hæstiréttur að S hefði ekki lagt fram nein gögn um að ummælin ættu við rök að styðjast né heldur að hann hafi leitað eftir upplýsingum frá J, var niðurstaðan því sú að S gat ekki hafa verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra ummæla sem í fréttinni fólust. Var fallist á kröfu J um ómerkingu ummæla og S dæmdur til að greiða honum 300.000 krónur í miskabætur.“

fréttumræðuna jafn óðum. Þessi breyting gerir það að verkum að meira er um óvönduð vinnubrögð og óritskoðað efni og er nánast ómögulegt að vera ekki meðvitaður um það sem í gangi er á fjölmiðlum. Flestir þeirra fjölmiðla sem eru á netinu notast við athugasemdakerfi þannig að hægt er að setja athugasemdir við einstakar fréttir. Þar geta notendur samfélagsmiðla skrifað skoðanir sínar sem ekki eru ritskoðaðar en fjölmiðlar og samfélagsmiðlar eru mun tengdari en áður.

Í svokölluðu *Lúkasarmáli* frá árinu 2007 kærði X tugi manna vegna ærumeiðinga á Internetinu. Tengdust athugasemdirnar orðrómi um að X hefði drepið tiltekinn hund sem nefndur var Lúkas.<sup>64</sup> X kærði Þ vegna hótana og aðdróttana í hans garð er varð að dómi *Hérd. Reykn. 14. febrúar 2011 (E-415/2010)*. Þar kemur fram að málsatvik voru, eins og þau horfðu við X, að árið 2007 spruttu upp umræður á ýmsum vefsíðum um að hundur, sem hafði þá verið týndur í einhvern tíma, hefði verið drepinn með hrottafengnum hætti. Daginn eftir að þessar umræður spruttu upp birtist nafn X og mynd af honum á nokkrum vefsíðum. Var því haldið fram að hann hefði verið gerandi í meintu broti. Eigandi hundsins lagði í kjölfarið fram kæru á hendur X. Var X að lokum nafngreindur í fjölmiðlum í tengslum við málið. Í forsendum dómsins segir m.a.:

Í kjölfar þess að nafn stefnanda bar á góma í tengslum við hvarf hundsins hafi verið ráðist að honum úr öllum áttum með rógburði, ærumeiðingum, aðdróttunum og hótunum. Nánar tiltekið hafi verið um að ræða líflátshótanir með textaskilaboðum í síma og á vefsíðu hans auk þess sem hundruð einstaklinga tóku þátt í umræðum um málið á hinum ýmsu vefsíðum. Hafi hótanirnar og ærumeiðingarnar, sem stefnda tók m.a. þátt í, verið með þeim hætti að stefnandi treysti sér ekki til að fara út úr húsi og missti í kjölfarið vinnu sína. Sú er gekk einna harðast fram gegn stefnanda í ofangreindu máli, með hótunum og aðdróttunum í hans garð, hafi verið stefnda, [Þ].

Í málsatvikum héraðsdómsins segir að X hafi neitað sök frá upphafi. Hundurinn náðist á lífi í júlí árið 2007. Kemur fram í forsendum héraðsdóms að af því mætti leiða að ummæli Þ og fullyrðingar ættu við engin rök að styðjast, því væri ekki nokkur vafi til staðar um tilgangsleysi þeirra ærumeiðinga og aðdróttana sem Þ lét falla um X sem hafði ekkert sér til sakar unnið. Taldi dómurinn ágreiningslaust að Þ var höfundur ummælanna, þar sem hún ritaði nafn sitt við umrædd ummæli.

## 8.1 Snjóflóðið

Þegar tekin er sú ákvörðun að birta neikvæða umfjöllun um einstakling í dagblöðum má færa rök fyrir því að ritstjóra blaðsins ætti að vera ljós sú ábyrgð sem á honum hvílir, bæði

---

<sup>64</sup> Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Internetinu“, bls. 116



samkvæmt lögum og siðareglum blaðamanna. Umfjöllunin getur haft áhrif á daglegt líf einstaklingsins sem um ræðir. Þá ætti ritstjóra dagblaðs að vera það ljóst að birti hann ósannindi sem fela í sér ærumeiðingar, getur hann borið lagalega ábyrgð<sup>65</sup> sbr. *Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011)* þar sem ritstjóri var látinn bera lagalega ábyrgð en nánari umfjöllun er að finna í kafla 9.1.2.

Jon Ronson er einn þeirra sem líkt hefur þessari opinberu smánun við snjóflóð. Það sem átt er við með því er að þeir einstaklingar sem taka þátt í umræðunni á samfélagsmiðlum eru oft eins og snjókorn í snjóflóði og finna ekki til ábyrgðar. Eða eins og Jon Ronson orðar það í bók sinni: „The snowflake never needs to feel responsible for the avalanche“.<sup>66</sup> Þeir sem taka þátt í umræðunni átta sig ekki á því að margt smátt gerir eitt stórt. Fyrir þann sem verður fyrir opinberri smánun á veraldarvefnum hefur hver athugasemd áhrif á viðkomandi. Þrátt fyrir að einstaklingur skrifi einungis eina athugasemd, þá skipta þær hundruðum, jafnvel þúsundum, þegar þær eru teknar saman.<sup>67</sup>

Opinber smánun á samfélagsmiðlum hefur fjölda ólíkra birtingarmynda. Sumir skrifa smánandi athugasemdir, aðrir deila athugasemdum annarra án þess þó að koma málinu frekar við. Enn aðrir setja fram fordæmingu, sumir hóta ofbeldi eða krefjast þess að viðkomandi aðila sé sagt upp störfum eða að skólastofnanir grípi til aðgerða gagnvart þeim sem smánaður er. Líkt og áður hefur komið fram virðist vera sem svo að margir setji fram athugasemdir sem gætu talist saklausar einar og sér. Í þeim tilfellum kunna þeir, sem athugasemdirnar rita, ekki að gera sér grein fyrir því að þeir eru hluti af heild, jafnvel fjölmönnum hópi sem tjáir sig um viðkomandi einstakling einmitt þá stundina.<sup>68</sup> Þá eru jafnvel sumir sem gera sér fyllilega grein fyrir því en skeyta þó engu um hvort og þá hvaða áhrif ummæli þeirra hafa á aðra.

Jon Ronson telur það lýsandi fyrir aðstöðu margra þátttakenda í opinberri smánun, þ.e. að snjókornið finnur mögulega ekki til ábyrgðar fyrir snjóflóðinu.<sup>69</sup> Twitter eða Facebook notandi sem ákveður að rita athugasemd finnur ekki fyrir ábyrgð þar sem hlutur hans af heildinni er lítill en honum er ekki endilega kunnugt um heildarmyndina. Þetta er ólíkt ritstjóra dagblaðs sem

---

<sup>65</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 209

<sup>66</sup> Jon Ronson: *So you've been Publicly Shamed*, bls. 53

<sup>67</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 209-210

<sup>68</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 209

<sup>69</sup> Jon Ronson: *So you've been Publicly Shamed*, bls. 53

þarf að taka meðvitaða ákvörðun um það hvort rétt sé að fjalla um viðkomandi einstakling á opinberum vettvangi.<sup>70</sup>

Sem dæmi um þetta má nefna *Hlíðarmálið* svokallaða. Þann 9. nóvember 2015 birti Vísir frétt á vefmiðli sínum með fyrirsögninni „Íbúð í Hlíðunum var útbúin til nauðgana.“ Tilefni fréttarinnar var að tvær kærur voru lagðar fram gegn tveimur mönnum í tveimur aðskildum málum. Auk þess segir í viðkomandi frétt að samkvæmt áreiðanlegum heimildum hafi lögreglan fundið ýmis tól og tæki sem mennirnir áttu að hafa notað við meintar nauðganir. Mönnunum var gert að sök að hafa misnotað tvær konur með níu daga millibili í sömu íbúð sem átti að hafa verið útbúin sérstaklega til nauðgana.<sup>71</sup> Með þeirri staðhæfingu Vísis að íbúðin sem um ræðir hafi verið „útbúin til nauðgana“ væri vert að skoða hvort 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands hafi verið brotin. Í greininni segir:

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.<sup>72</sup>

Fólk tjáði sig af mikilli heift á samfélagsmiðlum um efni þessarar fréttar sem ekki var byggð á staðreyndum. Leiða má líkur að því að fréttamiðillinn hafi brugðist skyldu sinni með því að gefa sér niðurstöðu í órannsökuðu lögreglu- og dómsmáli og birta það í fjölmiðlum.

## 9 Athugasemdakerfi

### 9.1 Hvar liggur ábyrgðin?

Athugasemdakerfi er að finna á samfélagsmiðlum sem og fréttamiðlum á netinu. Þar gefst hinum almenna borgara færi á að blanda sér í þjóðfélagsmálum án mikillar fyrirhafnar. Athugasemdakerfi vefmiðla eru iðulega tengd við samfélagsmiðla á borð við Facebook og koma því flestir fram undir nafni. Þó eru alltaf einhverjir sem koma fram undir fölsku flaggi.

Árið 2011 með lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 var sett heildstæð löggjöf um fjölmiðla, en líkt og áður hefur komið fram var slík löggjöf ekki til staðar. Sú löggjöf tekur hins vegar ekki til hinna ýmsu samfélagsmiðla sem orðið hafa til. Til dæmis fellur Facebook utan gildissviðs laganna.<sup>73</sup> Þetta leiðir af sér spurninguna um það hver á að bera ábyrgð á þeim ummælum sem látnin eru falla á samfélagsmiðlum og fjölmiðlum, þar á meðal athugasemdakerfunum.

<sup>70</sup> Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“, bls. 210

<sup>71</sup> „Íbúð í Hlíðunum var útbúin til nauðgana“, <http://www.visir.is/g/2015151108923>

<sup>72</sup> Siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Samþykkt með síðustu breytingum á aðalfundi BÍ 1991.

<sup>73</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 235

### 9.1.1 Meginreglan um ábyrgð á ummælum

Það er gildandi meginregla í íslenskum rétti að höfundur ummæla ber ábyrgð á þeim.<sup>74</sup> Er þessi meginregla í samræmi við lagaákvæði sem reynir helst á í þessu tilliti, þ.e. ákvæði meiðyrðalöggjafarinnar, t.a.m. 234. gr. hegningarlaga. Hefur þetta verið staðfest í dómaframkvæmd.<sup>75</sup> Í *Hrd. 2006, bls. 5377 (147/2006)* var einstaklingur sakfelldur fyrir hótanir á grundvelli 233. gr. hegningarlaga með því að hafa hótað C og D, með tölvupósti og skrifum á heimasíður þeirra og nafngreindrar frænku D. Í dóminum er ekki greint á milli þeirra skrifa sem gerð voru með tölvupósti og þeirra sem rituð voru inn á bloggsíður en ákærði ritaði ummæli sín í gestabók viðkomandi síðna eða í annað samskonar opið athugasemdakerfi. Í *dómi Hérð. Rvk. frá 9. apríl 2008 (S-127/2008)* var ákært fyrir þagnarskyldubrot samkvæmt 136. gr. hegningarlaga en ákærði hafði skrifað í gestabók tiltekinnar vefsíðu: „Ég hef aldrei skilið þessa hræðslu við [X]hyskið, en ég hafði það að starfi í 10 ár að loka fyrir rafmagnið hjá þeim.“ Ákærði játaði skýlaust brot sitt og farið var með málið samkvæmt þágildandi 125. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og honum ákvörðuð refsing.<sup>76</sup>

Líkt og áður hefur komið fram var með setningu fjölmiðlalaga sett heildstæð löggjöf um fjölmiðla. Þar má finna ákvæði sem tekur á þessu álitaefni hvað fjölmiðla varðar sbr. a-liður 1. mgr. 51. gr. fjölmiðlalaga sem fjallar um ábyrgð á ritefni. Byggir ákvæðið á meginreglunni um ábyrgð höfundar. Þar segir:

Einstaklingur ber ábyrgð á því efni sem hann ritar í eigin nafni eða merkir sér með augljósum hætti sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Sé ritefni réttilega haft eftir nafngreindum einstaklingi ber sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.

Þessi regla felur í sér vægari kröfur til nafngreiningar höfunda en gert var í eldra ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956 sem fyrrgreint ákvæði leysti af hólmi.<sup>77</sup>

### 9.1.2 Hver ber ábyrgð ef höfundur finnst ekki?

Það getur verið vandkvæðum bundið að finna höfund ummæla þar sem auðvelt er að villa á sér heimildir á Internetinu eða setja inn nafnlausar athugasemdir. Í *dómi Hérð. Suðurl. frá 21. febrúar 2007 (S-634/2006)* var einstaklingur ákærður fyrir að hafa birt undir tilteknu netfangi

<sup>74</sup> Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Internetinu“, bls. 111

<sup>75</sup> Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Internetinu“, bls. 111

<sup>76</sup> Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Internetinu“, bls. 113

<sup>77</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 229

ærumeiðandi aðdróttanir í garð sóknarprests á umræðuvef vefsíðunnar vísir.is. Ákærði neitaði því að hafa sjálfur birt ummælin, hann var umráðamaður netfangsins en hafði veitt bæði nemendum sínum og ýmsum öðrum aðgang að því. Taldi dómurinn að ekki væri komin fram sönnun sem ekki yrði véfengd með skynsamlegum rökum um að það hefði verið ákærði sem skrifaði umrædd ummæli. Ekki var talið útilokað að aðrir en ákærðu hefðu getað átt hlut þar í máli.

Ef litið er til orðalags b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er ekki að sjá að útilokað sé að ákvæðinu verði beitt um ábyrgð annars en höfundar ærumeiðandi ummæla á Internetinu. Það er þó skilyrði að viðkomandi hafi sýnt af sér verulegt gáleysi og sú hegðun hans hafi bitnað á æru annars manns. Sem dæmi má taka einstakling sem lætur hjá farast að fjarlægja nafnlaus og ærumeiðandi ummæli sem hann er meðvitaður um. Hann gæti talist hafa sýnt af sér verulegt gáleysi sem bitnað hafi á æru annars manns en í því gæti falist ólögmæt meingerð samkvæmt ákvæðinu sem leitt gæti til þess að viðkomandi yrði dæmdur til greiðslu miskabóta. Sakarmatið í þess konar málum er erfitt en ekki er að sjá að reglur skaðabótalaga né almennar reglur standi slíkri ábyrgð í vegi. Hefur það verið staðfest í dómaframkvæmd að ólögmæt meingerð geti falist í athafnaleysi sem þessu, sbr. *Hrd. 1999, bls. 390 (177/1998)*. Þá hafa fræðimenn talið að ærumeiðingar geti falist í athafnaleysi líkt og í athöfnum og gera almennar reglur skaðabótaréttar ráð fyrir því að skaðabótaábyrgð geti bakast vegna athafnaleysis.<sup>78</sup>

Ekki hefur reynt mikið á ábyrgð aðila vegna ummæla annarra á Internetinu fyrir íslenskum dómstólum. Þó eru til dæmi um það, sbr. *Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011)* þar sem krafist var miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í forsendum Hæstaréttar var tekið fram að þrátt fyrir að ekki væri hægt að lögjafna frá þágildandi 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, hvíldi á ritstjórum vefritsins pressan.is eftirlitsskylda sem fæli það í sér að þeim bæri að haga ritstjórn með þeim hætti að forðast yrði að efni ritsins ylli öðrum miska eða raskaði friðhelgi einkalífs. Var sagnæm vanræksla þeirra á að sinna þessari eftirlitsskyldu talin varða þá ábyrgð. Ljóst er að umrætt vefrit telst til fjölmiðla samkvæmt fjölmiðlalögum, færi því um ábyrgð í dag samkvæmt 51. gr. fjölmiðlalaga. Þessi dómur ber það með sér að það getur komið til ábyrgðar annarra en höfunda ummæla.<sup>79</sup>

<sup>78</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 241-242

<sup>79</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 242-243

### 9.1.3 Úrræði

Þau viðbrögð og úrræði sem til staðar eru vegna ærumeiðinga lúta meðal annars að refsíabýrgð og skaðabótaabýrgð. Málshöfðunarreglur vegna brota sem fjallað er um í XXV. kafla hegningarlaga má finna í 242. gr. laganna. Þar segir

Brot þau sem í þessum kafla getur, skulu sæta saksókn sem svo hér segir:

1. Brot gegn ákvæðum 232. gr., 233. gr., 233. gr. a og 233. gr. b sæta ákæru.
2. a. Brot gegn ákvæðum 230. og 231. gr. sæta ákæru eftir kröfu þess manns sem misgert var við.  
b. Hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni sem er eða verið hefur opinber starfsmaður, og móðgunin eða aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, þá skal slíkt brot sæta ákæru eftir kröfu hans.  
c. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið borin fram skriflega, en annaðhvort nafnlaust eða með rangri eða tilbúinni undirskrift, skal brotið sæta ákæru, ef sá krefst þess sem misgert var við.
3. Mál út af öðrum brotum getur sá einn höfðað sem misgert er við.

Af 3. tölul. greinarinnar má leiða að mál samkvæmt 229. gr. hegningarlaga og vegna móðgana, aðdróttana og brigðslyrða getur sá einn höfðað sem misgert er við að undanskyldum þeim aðstæðum sem nefndar eru í b- og c-lið 2. tölul. 242. gr. hegningarlaga. Þá skal brot sæta ákæru að kröfu þess sem misgert var við. Af þessu má leiða að mál sem höfðuð eru á grundvelli ærumeiðinga eru yfirleitt einkarefsimál. Viðurlög við brotum samkvæmt þessu geta falið í sér refsingu samkvæmt framangreindum ákvæðum hegningarlaga. Auk þessa kunna miskabætur að vera dæmdar á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga. Svo getur farið hvort sem er í einkarefsimáli eða almennu einkamáli.<sup>80</sup>

Auk þessa má finna heimild í 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga til þess að dæma í meiðyrðamáli „óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess sem misgert var við“. Í hugtakinu ómerking felst yfirlýsing í dómi um að viðkomandi ummæli eigi ekki við rök að styðjast og skuli þess vegna teljast „marklaus“, „ómerk“ eða „dauð og ómerk“. Réttaráhrif ómerkingar eru í raun þau að sá sem misgert var við fær það staðfest með dómi að þau hafi verið órökstudd og hann haldi heiðri sínum óskertum. Í *Hrd. 31. maí 2012 (591/2011)* segir að ómerking sé „í eðli sínu staðfesting á því að óviðurkvæmileg ummæli, sem fela til dæmis í sér refsiverða aðdróttun í garð brotþola, skuli að engu hafandi.“ Ómerking telst ekki til refsingar, heldur má líta á það sem „sýknudóm“ fyrir þann sem misgert var við. Ef litið er til dómaframkvæmdar má sjá að ef ummæli brjóta gegn ákvæðum hegningarlaga um ærumeiðingar eða ef skilyrði til bóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga eru uppfyllt

<sup>80</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 273

hefur nánast undantekningarlaust verið fallist á ómerkingu viðkomandi ummæla samkvæmt 1. mgr. 241. gr. þ.e. ef krafa um það var höfð uppi.<sup>81</sup>

#### 9.1.4 Dómaframkvæmd

Þegar horft er til dómaframkvæmdar á Íslandi má ótvírætt sjá að æran er að nokkru leyti talin stjórnarskrárvarin.<sup>82</sup> Dómaframkvæmd ber það með sér að höfundur ærumeiðandi ummæla á Internetinu ber ábyrgð á þeim, bæði refsíábyrgð og skaðabótaábyrgð. Þá virðist það ekki skipta máli hver fer með eignarhald eða umsjón með viðkomandi vefsíðu þar sem það eru einstaklingar sem bera ábyrgð á þeim ummælum sem þeir setja inn á vefsíður annarra. Er þetta í samræmi við grunnhugmyndir um ábyrgð manna á saknæmri háttsemi sinni auk þess að vera sambærilegt meginreglu um höfundarábyrgð. Þá er þetta í samræmi við ákvæði sem leggja refsingu eða skaðabótaábyrgð við ærumeiðingum.<sup>83</sup>

Í því tilliti má nefna *Hrd. 2002, bls. 1212 (306/2001)*. Í því máli var lögmaður dæmdur til greiðslu miskabóta vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru. Sagði Hæstiréttur m.a. í forsendum sínum að gagnstætt tjáningarfrelsi lögmannsins stæði réttur einstaklingsins til friðhelgi einkalífs og æruverndar, sem varðaði mikilsverð og viðkvæm atriði, í tengslum við persónu hennar. Væri sá réttur varinn af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þá sagði Hæstiréttur einnig að það yrði að leggja mat á það hvort gengi framár í hverju tilviki, frelsi hans samkvæmt 2. mgr. sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar til að láta uppi viðkomandi ummæli í opinberri umræðu eða réttur stefndu samkvæmt 1. mgr., sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar til friðhelgi einkalífs og æruverndar.

Í dómi *Hérd. Rvk. frá 5. janúar 2012 (E-1451/2011)*, stefndi fjölskyldan í Aratúni í Garðabæ aðila Á sem þau töldu hafa látið falla ærumeiðandi ummæli í athugasemdakerfi á vef fjölmiðilsins DV í framhaldi af svokölluðu „Aratúnsmáli“. Kröfðust þau þess að ummælin yrðu ómerkt og að þeim yrðu dæmdar miskabætur. Þá stefndu þau einnig fjölmiðlinum DV þar sem þau töldu Á og miðilinn samábyrg þar sem fjölmiðillinn hefði skapað vettvang til birtinga athugasemda á eftirlitslausu athugasemdakerfi. Stefnanda Á byggði á því í málinu að lagagrundvöllur kröfugerðarinnar væri ekki ljós þar sem engin lög hefðu verið í gildi um ábyrgð á skrifum á veraldarvefnum. Stefnendur vísuðu til 235. gr. sbr. 236. gr. og til vara 234. gr. sbr. og 241. gr. hegningarlaga. Dómurinn taldi að í þessum lagaákvæðum væri ekki að finna takmörkun á því á hvaða hátt slík ummæli eru viðhöfð eða borin út eða á hvaða vettvangi. Því

<sup>81</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 274

<sup>82</sup> Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 127

<sup>83</sup> Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Internetinu“, bls. 114

var ekki fallist á rök stefndu. Stefnda Á vísaði einnig til tjáningarfrelsis og þess að frjáls skoðanaskipti á veraldarvefnum væru orðin lykilkþáttur í nútímalýðræði. Þá lét dómurinn þessi ummæli falla:

Þegar framangreindir hagsmunir skarast, rétturinn til tjáningar annars vegar og æruvernd hins vegar, ber m.a. að líta til þess jarðvegs, sem ummælin spruttu úr, svo sem stöðu þeirra aðila, sem hlut eiga að máli og til þess, hvort hið birta efni geti talizt þáttur í almennri þjóðfélagsumræðu og eigi því erindi til almennings.

Kom það fram í forsendum héraðsdóms að málið sem um er rætt var mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum og því talinn þáttur í þjóðfélagsumræðunni. Voru ein ummæli af þremur talin falla undir 235. gr. hegningarlaga og því fallist á kröfu um ómerkingu þeirra sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Var stefnda Á talin hafa sett fram aðdróttun sem fallin var til að hnekkja virðingu stefnenda og því fallist á að dæma þeim miskabætur vegna ummælanna. Héraðsdómur sýknaði stefnda DV. Vísaði dómurinn til þess að meginreglan um að höfundur beri ábyrgð á ummælum sínum á grundvelli almennra reglna, þá einkum sakarreglunnar, væri talin gilda um efni sem birt væri á netinu. Þar sem ekki væri efi um það hver höfundur ummælanna væri, bæri viðkomandi ábyrgð á ummælum sínum. Ábyrgð stefnda DV væri ekki önnur eða meiri á efni, sem birtist rafrænt á athugasemdasíðum dv.is en hún væri á efni sem birt væri í prentuðum eintökum blaðsins. Af þeim sökum bæri að sýkna stefnda DV ehf. af öllum kröfum.

Af þessu heldur nýlega máli má álykta að dómstólar telji gildissvið ákvæða hegningarlaga um ærumeiðingar og aðdróttanir ná yfir efni sem birt er á netinu. Þá má einnig álykta að höfundur ummæla beri ábyrgð á því sem hann ritar en fjölmiðill ber ekki ábyrgð á því að skapa vettvanginn fyrir opinbera umræðu. Athugasemdakerfi sem slík uppfylla skilyrði 73. gr. stjórnarskrárinnar sbr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu<sup>84</sup> um rétt almennings til þess að taka þátt í þjóðfélagsumræðunni með því að fá að láta í ljós hugsanir sínar og skoðanir. Á athugasemdakerfum getur fólk tjáð sig á auðveldan hátt um fréttir og málefni líðandi stundar.

## 10 Lögbundnar refsheimildir

Það er grundvallarregla í íslenskum rétti að engum skal gerð refsing án laga og refsilög mega ekki vera afturvirk eða *nullum crimen sine lege et nulla poena sine lege*. Reglan áskilur að mælt sé fyrir um refsheimild í settum lögum frá Alþingi eða eftir atvikum í almennum stjórnvaldsfyrirmælum<sup>85</sup> og að sú heimild sé til staðar þegar hin refsiverða háttsemi á sér stað.

<sup>84</sup> Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur verið lögfestur hér á landi sbr. lög nr. 62/1994 og hefur því sama gildi og sett lög frá Alþingi

<sup>85</sup> Róbert R. Spanó: *Stjórnarskrárin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 208-209

Ýmsar röksemdir liggja að baki þessum þáttum grundvallarreglunnar. Byggir sá þáttur, að ekki skuli refsað nema til staðar sé refsheimild, meðal annars á því að manni skuli ekki refsað fyrir háttsemi sem hann hefði ekki kost á að vita að væri refsiverð. Hefði hann vitað að háttsemi var refsiverð má leiða líkur að því að hann hefði hagað gjörðum sínum öðruvísi. Til þess að almenningur eigi þess kost að kynna sér efni reglna sem gera háttsemi refsiverða, verða lög að vera birt og aðgengileg.<sup>86</sup> Eftirfarandi lagaákvæði byggja á þessari grundvallarreglu.

Í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.“

Þá segir í 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu: „Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðarleysi, sem hann er borinn, eigi varðað við refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.“

Þá er regluna einnig að finna í hegningarlögum, en í 1. gr. þeirra segir: „Eigi skal refsa manni, nema hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin“.

Af ofangreindu má leiða að inntak reglunnar um lögbundnar refsheimildir og bann við afturvirkni refsilaga felur það annars vegar í sér að engan megi dæma til refsingar nema refsheimild sé til staðar í lögum þegar hin refsiverða háttsemi á sér stað og hins vegar að viðurlög megi ekki vera þyngri en mælt var fyrir um í lögum þegar háttsemin átti sér stað.<sup>87</sup>

Í reglunni felst áskilnaður um verknaðarlýsingu, þ.e. ef enga verknaðarlýsingu er að finna í viðkomandi heimild verður manni ekki refsað fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Fellur þessi regla, ásamt grundvallarreglunni um skýrleika refsheimilda, undir lögætisreglu refsiréttar.<sup>88</sup> Líkt og komið hefur fram í 2. kafla er lögætisreglan mikilvægur hluti formlegrar skilgreiningar réttarríkishugtaksins.

Gildissvið 1. gr. hegningarlaga nær yfir alla háttsemi sem refsing er lögð við, er ákvæðinu þá beitt með fullkominni lögjöfnun um aðra löggjöf en hegningarlögin. Þrátt fyrir að í ákvæðinu segi að það taki aðeins til refsinga, þá er það venja að það taki einnig til refsikenndra viðurlaga. Þessi grundvallarregla eykur réttaröryggi manna þar sem það stuðlar að því að lög séu sýnileg og aðgengileg. Er þessi regla talin ein af mikilvægustu mannréttindum í

<sup>86</sup> Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*, bls. 195

<sup>87</sup> Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*, bls. 195

<sup>88</sup> Róbert R. Spanó: *Stjórnarskrárin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 208-209



Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna frá 10. desember 1948, sbr. 2. mgr. 11. gr. yfirlýsingarinnar. Þrátt fyrir að yfirlýsingin sé ekki bindandi hefur hún stuðlað að bættri mannréttindavernd og orðið til þess að tveir alþjóðasamningar um mannréttindi hafa verið gerðir sem eru skuldbindandi fyrir aðildarríki Sameinuðu Þjóðanna.<sup>89</sup>

Hvað varðar mannréttinasáttmála Evrópu sem fullgildur var hér á landi með lögum nr. 62/1994 og hefur því sömu stöðu og sett lög frá Alþingi hefur grundvallarreglan um lögbundnar refsheimildir fengið betri stoð hér á landi og þá sérstaklega þar sem Mannréttindadómstóll Evrópu gerir miklar kröfur til þess að refsireglur séu aðgengilegar og skýrar.<sup>90</sup> Mikilvægt er að þessar kröfur séu uppfylltar samkvæmt formlega réttarríkishugtakinu, líkt og fjallað er um í 2. kafla.

Í íslenskum rétti eru frávik frá grundvallarreglunni um lögbundnar refsheimildir viðurkennd beinlínis í settum lögum eða jafnvel óbeint í réttarframkvæmd. Þessi frávik réttlætast ýmist af langri hefð eða hagkvæmnisástæðum. Slík frávik útfærast á ýmsan máta, til dæmis með fullkominni lögjöfnun, almennum stjórnvaldsfyrirmælum og ólögákveðnum reglum og hugtökum.<sup>91</sup> Þessi frávik eru þó ekki algeng og eru gerðar miklar kröfur til þess að þeim sé beitt. Þegar talað er um *ólögákveðnar reglur og hugtök* er til dæmis átt við refsiskilyrði og refsileysisástæður, svo sem ásetning, gáleysi og samþykki sem ekki eru skilgreind í refsilögum. Dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur gefið leiðbeiningar um það hvað felst í viðkomandi hugtökum.<sup>92</sup>

Hins vegar yrði refsing í raun ekki byggð á því einu, heldur eru refsheimildir að baki ákvörðun refsingar og er tilkoma dómstóla nauðsynleg. Hugtökin eru einfaldlega hluti af ákvörðun refsingar sem skapast hefur venja um.

Þau tilvik þegar einstaklingur er niðurlægður opinberlega á Internetinu þar sem orðspor viðkomandi getur beðið hnekki eru ekki sambærileg refsingu á grundvelli laga. Geta þau verið ólögákveðin en sem dæmi um það má nefna *Lúkasarmálið* svonefnda sem fjallað var um hér að framan. Þar var um gróusögu að ræða sem átti ekki við rök að styðjast.

---

<sup>89</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 154-155

<sup>90</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 155-156

<sup>91</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 156

<sup>92</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 157

## 11 Lokaorð

Ljóst er að það samfélagsmein sem opinber smánun er verður ekki upprætt með einföldum hætti. Samfélagsmiðlum hefur ekki verið settur heildstæður lagarammi en almennar reglur um refsíabyrgð og skaðabótaábyrgð gilda þó að einhverju leyti.

Mörg dæmi eru til um það að fólk noti samfélagsmiðla í öðrum tilgangi en þeim er ætlaður. Margir taka þátt í að niðurlægja náungann og skrifa athugasemdir sem þeir myndu annars láta vera. Það „snjófljóð“ sem einstaklingar lenda í getur markað líf þeirra á neikvæðan hátt um ókomna tíð. Tjáningarfrelsi hefur verið talið einn af hornsteinum lýðræðis og því er fólki ekki settar miklar skorður í umfjöllunum sínum eða athugasemdum á samfélagsmiðlum.

Í þessari ritgerð er sú ályktun dregin að fjölmiðlar á netinu megi gjarnan sýna aukna nærgætni auk þess sem færa má rök fyrir því að siðareglur blaðamanna mættu að hafa meira vægi þegar kemur að birtingu umfjallana um einstaka mál og einstaklinga.

Telja verður að samfélagið eigi það til að dæma fólk, án nokkurrar aðkomu ríkisvaldsins, og færa má rök fyrir því að það samræmist ekki gildum réttarríkisins. Þá verður að telja að opinber smánun á samfélagsmiðlum geti haft alvarleg og langvarandi áhrif á einstaklinginn sem smánunin beinist að. Þegar einstaklingar verða fyrir opinberri niðurlægingu á vefmiðlum eru líkur á því að sleggjudómar séu ekki á rökum reistir og séu hreinlega rangir. Þrátt fyrir að samfélagið komist síðar að því að viðkomandi hafi mögulega ekki gert það sem honum er gefið að sök er skaðinn samt sem áður skeður í augum þolandans. Þrátt fyrir að opinber smánun geti ekki talist refsing í skilningi refsiréttar má leiða líkur að því að upplifun þolanda sé sú að verið sé að refsa honum. Það sem birt er á Internetinu hverfur ekki svo auðveldlega. Á tækniöld er auðvelt fyrir hvern sem er að fletta einstaklingum upp í leitarvélum á borð við Google.

Líkt og áður hefur komið fram felst í inntaki réttarríkisins að lög séu aðgengileg, framvirk og skýr. Þá eru það einnig meginreglur í íslenskum rétti að engum skuli refsað án þess að fyrir því sé stoð í lögum og maður er saklaus uns sekt er sönnuð. Viðkomandi þarf að geta gert sér grein fyrir því hverjar afleiðingarnar háttsemi hans kunni að vera. Það getur hann gert í réttarríki þar sem hann fær réttláta málsmeðferð. Þegar einstaklingur verður fyrir opinberri smánun á Internetinu fær hann ekki þá réttlátu málsmeðferð sem réttarríkið gerir kröfu um auk þess sem álykta verður að afleiðingarnar séu ófyrirsjáanlegar.

Meginniðurstaða þessarar ritgerðar er því sú að tilkoma Internetsins hefur haft gríðarleg áhrif á þróun opinberrar smánunar. Þó torvelt sé að setja lagaramma sem bannar opinbera smánun á samfélagsmiðlum má álykta að regluverk vanti um notkun samfélagsmiðla. Þá mætti færa rök fyrir því að æsilegt væri að heildstætt regluverk yrði sett um athugasemdakerfi.

## DÓMASKRÁ

### Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 2. júní 2016 (705/2015)*  
*Hrd. 17. desember 2015 (239/2015)*  
*Hrd. 18. desember 2014 (215/2014)*  
*Hrd. 22. október 2015 (101/2015)*  
*Hrd. 31. mars 2015 (421/2014)*  
*Hrd. 20. nóvember (214/2014)*  
*Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012)*  
*Hrd. 7. nóvember 2013 (200/2013)*  
*Hrd. 28. maí 2009 (575/2008)*  
*Hrd. 2. maí 2014 (255/2014)*  
*Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011)*  
*Hrd. 2006, bls. 5377 (147/2006)*  
*Hrd. 1999, bls. 390 (177/1998)*  
*Hrd. 31. maí 2012 (591/2011)*  
*Hrd. 2002, bls. 1212 (306/2001)*

### Dómar Héraðsóms:

*Hérd. Reykn. 14. febrúar 2011 (E-415/2010)*  
*Hérd. Rvk. 9. apríl 2008 (S-127/2008)*  
*Hérd. Suðurl. 21. febrúar 2007 (S-634/2006)*  
*Hérd. Rvk. 5. janúar 2012 (E-1451/2011)*

### Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

*MDE, Delfi AS gegn Eistlandi, 16. júní 2015 (64569/09)*  
*MDE Europapress Holding D.O.O. gegn Króatíu, 2. október 2009 (25333/06)*  
*MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2), 21. október 2014 (54125/10)*

### Álit fjölmiðlanefndar:

*Álit fjölmiðlanefndar 5. mars 2014 (2/2014)*

## HEIMILDASKRÁ

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

David M. Buss: *The Murderer Next Door: Why the Mind Is Designed to Kill*. New York 2005.

Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á Internetinu“. *Afmælisrit: Björn Þ. Guðmundsson sjötugur 13. Júlí 2009*. Reykjavík, 2009, bls.103-136.

Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir. *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 2017.

„Fjölmiðlanefnd“, vefsíða Fjölmiðlanefndar, <http://fjolmidlanefnd.is>, (skoðað 11. mars 2018).

Garðar Gíslason: „Hvað er réttarríki og hverjir eru kostir þess?“. *Tímarit lögfræðinga*, 2. Tbl. 1983, bls. 66-72.

Geranne Lautenbach: „The Concept of the Rule of Law and the European Court of Human Rights“, „The Rule of Law concept: Abstract and keywords“, 2013 (skoðað 12. Mars 2018)

Hafsteinn Þór Hauksson: „Réttarsalir samfélagsmiðlanna: Hugleiðingar um opinbera smánun í réttarríki“. *Afmælisrit: Jón Steinar Gunnlaugsson sjötugur*. Reykjavík, 2017, bls. 199-216.

„Íbúð í Hlíðunum var útbúin til nauðgana“, <http://www.visir.is/g/2015151108923>, 9. Nóvember 2015 (skoðað 28. mars 2018)

Jon Ronson: *So you've been Publicly Shamed*. New York 2005.

Jónatan Þórmundarson: *Afbrot og refsíðabyrgð I*. Háskólaútgáfan 1999.

Róbert R. Spanó: *Stjórnarskrárin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*. Reykjavík 2012

„Siðareglur Blaðamannafélags Íslands“, vefsíða Blaðamannafélags Íslands, <https://www.press.is>, (skoðað 12. Mars 2018).

Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – Réttarheimildir*. 2. útgáfa. Reykjavík 2003.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir: „Fjölmiðlar og ungir afbrotamenn í ljósi stimplunarkenninga afbrotafræðinnar“. *Afmælisrit: Jónatan Þórmundsson sjötugur*. Reykjavík, 2007, bls. 515.